



Orðræða fjölmiðla og íslenskra A-  
landsliðsleikmanna um kvenna- og  
karlaknattspyrnu

Karitas Þórarinsdóttir

270886-2649

Lokaverkefni til B.Ed.-gráðu

Háskóli Íslands  
Menntavísindasvið  
Maí 2012



HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Orðræða fjölmiðla og íslenskra A-landsliðsleikmanna um kvenna- og karlaknattspyrnu

Karitas Þórarinsdóttir

270886-2649

Lokaverkefni til BE.d prófs í íþróttافرæði  
Leiðbeinandi: Guðmundur Sæmundsson, kennari við Háskóla Íslands

Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild  
Háskóli Íslands Menntavísindasvið  
Maí 2012

## **Útdráttur**

Í þessu verkefni er fjallað um það hvort munur sé á orðræðu í umfjöllun fjölmiðla um landsleiki A-landsliðs karla og kvenna í knattspyrnu. Leikirnir voru valdir af handahófi til orðræðugreiningar. Eftir leikina voru nokkrir leikmannana teknir í viðtöl sem höfundur orðræðugreindi. Markmið ritgerðarinnar er að finna hvort það hallar enn á konur í umfjöllun fjölmiðla í knattspyrnu og hvort að það væri munur á orðræðunni hjá kynjunum í viðtölum. Notast verður við orðræðugreiningu til að rannsaka muninn.

## **Abstract**

This assignment is based on whether there is any difference between the discourse in the media concerning men's and women's national games in football. The games were chosen randomly to discourse analyze. After the games few players were interviewed and the author analyzed the discourse. The aim of this assignment is to find out if the women are still put aside when it comes to the media review about football and if there is any difference in the discourse between the sexes in the interview. Discourse analysis will be used to study the difference.

## Efnisyfirlit

Útdráttur/Abstract .....	3
Efnisyfirlit .....	4
Formáli .....	6
Inngangur .....	7
Hvað er orðræðugreining? .....	9
Orðræðugreining sem rannsóknaraðferð .....	10
Fjölmiðlar og kynferði í íþróttum .....	11
Hugtök til orðræðugreiningar í umfjöllununum .....	16
Þrástef .....	16
Jákvæð þrástef .....	16
1. Hrós .....	16
2. Þjóðerni.....	16
3. Styrkur/ Kraftur/ úthald – Hvað er það sem er sýnt inn á vellinum? .....	16
Neikvæð þrástef .....	17
1. Óheppni .....	17
2. Léleg frammistaða .....	17
3. Gagnrýni frá fréttamönnum .....	17
Greining þrástefja úr viðtölunum .....	17
Hugtök til orðræðugreiningar úr viðtölunum .....	18
Jákvæð þrástef .....	18
1.Hrós/eigið álit .....	18
2.Stuðningur .....	18
Neikvæð þrástef .....	18
1.Óheppni .....	18
2. Léleg frammistaða .....	18
Greining þrástefja úr umfjöllununum .....	19
Ísland 6-0 Búlgaría .....	19
Ísland 3-1 Noregur .....	20
Ísland 0-0 Belgía.....	20
Leikir íslenska karlalandsliðsins.....	21
Noregur 1-0 Ísland .....	21
Ísland 1-0 Kýpur .....	22
Portúgal 5-3 Ísland .....	23

<b>Niðurstöður úr þrástefjum umfjallananna .....</b>	<b>24</b>
<b>Greining þrástefja úr viðtölunum.....</b>	<b>25</b>
<b>Ísland 6-0 Búlgaría .....</b>	<b>25</b>
<b>Ísland 3-1 Noregur.....</b>	<b>26</b>
<b>Ísland 0-0 Belgía.....</b>	<b>26</b>
<b>Karlandslíðið.....</b>	<b>26</b>
<b>Noregur 1-0 Ísland.....</b>	<b>26</b>
<b>Ísland 1-0 Kýpur .....</b>	<b>27</b>
<b>Portúgal 5-3 Ísland .....</b>	<b>27</b>
<b>Niðurstöður úr þrástefjum viðtalanna .....</b>	<b>27</b>
<b>Sameiginlegar niðurstöður úr umfjöllununum og viðtölunum.....</b>	<b>28</b>
<b>Umræður og lokaorð .....</b>	<b>31</b>
<b>Heimildaskrá.....</b>	<b>35</b>
<b>Heimildaskrá úr orðræðugögnum .....</b>	<b>36</b>
<b>Fylgiskjöl .....</b>	<b>43</b>

## **Formáli**

Verkefnið er hluti af B.Ed.-gráðu í íþróttافرæðum á Menntavísindasviði við Háskóla Íslands og er metin til 10 eininga. Hún fjallar um orðræðu fjölmiðla og íslenskra A-landsliðsleikmanna í karla- og kvennaknattspyrnu .

Ég vil byrja á því að þakka leiðbeinanda mínum, Guðmundi Sæmundssyni, fyrir alla hjálpina við skrifin og einnig fyrir að hafa opnað augun mín fyrir orðræðugreiningu. Ég vil þakka foreldrum mínum fyrir ómetanlega hjálp og þann mikla stuðning sem að þau hafa veitt mér í gegnum árin. Án þeirra væri þessi ritgerð ekki til. Einnig vil ég þakka Helgu Kristínu Sæbjörnsdóttur fyrir að hlaupa í skarðið og hjálpa mér að yfirfara ritgerðina. Að lokum vil ég þakka bróður mínum fyrir að sýna mér mikla tillitssemi á meðan ég var að skrifa ritgerðina.

Reykjavík 2. maí 2012

---

Karitas Þórarinsdóttir

## Inngangur

Íþróttaumræðan og umfjöllun í fjölmiðlasamfélaginu á Íslandi hefur verið mjög karllæg. Íþróttumfjöllun er langmest í höndum karla. Karlalandslið Íslands í knattspyrnu hefur lítið sem ekkert þurft að berjast fyrir því að fá umfjöllun á meðan konurnar hafa lengi þurft að berjast fyrir því að fanga athygli fjölmiðla.

Flestir fjölmiðlar hafa fengið gagnrýni frá konum vegna takmarkaðrar umfjöllunar þeirra á íþróttum kvenna, en oft er talið að umfjöllun og íþróttapátttaka haldist í hendur og lítil umfjöllun geti dregið úr áhuga kvenna á að iðka íþróttir (Mbl.is, 1999). Hver sem er getur lesið yfir íþróttasíður í dagblöðum eða skoðað greinar á netinu og tekið eftir því að mikill meirihluti upplýsinganna sem þar má finna eru upplýsingar um karlmenn í íþróttum. Fjölmiðlar hafa þau völd ásamt fólkinu í samfélaginu að skapa orðræðuna sem birtist í fjölmiðlum og víðar og skapa þar með stóran hlut orðræðunnar í þjóðfélaginu út frá umfjöllunum sínum. Með þessu hafa fjölmiðlar áhrif á áhuga landsmanna á íþróttum og viðburðum sem þeir kjósa að fylgjast með. Samband fjölmiðla og karlalandsliðsins hefur verið mjög mikið og sömu sögu má segja um áhuga landsmanna. Samband fjölmiðla og kvennalandsliðsins hefur verið risjótt og það sama má segja um áhuga landsmanna á liðinu. Flestir vita að góður árangur er mikilvægur til þess að fá umfjöllun og athygli. Ef árangurinn er góður er áhugi landsmanna meiri og umfjöllun fjölmiðla yfirleitt meiri. Netmiðlar eiga stóran þátt í umfjöllun liðanna og oft á tíðum er samkeppnin mikil og keppast þeir um að vera fyrstir með fréttirnar. Í umfjöllunum skapast ákveðin orðræða sem kallast íþróttarorðræða sem svo flyst út í samfélagið. Íþróttarorðræða fjölmiðla og þátttakenda í íþróttunum getur því litað hugsunarhátt og áhuga landsmanna út frá efninu sem þeir kjósa að birta. Á síðustu árum hefur kvennalandsliðið í knattspyrnu náð ótrúlegum árangri. Frá því að fyrsti landsleikurinn var leikinn árið 1981 hafa þær verið í mikilli framför og stigvaxandi bætt árangur sinn. Núna árið 2011 eru þær í 15. sæti á heimslista FIFA af 133 landsliðum og hafa þær aldrei verið jafn ofarlega á listanum. Á Evrópulista UEFA eru þær í 9. sæti af 48 liðum en þær hafa heldur aldrei verið eins ofarlega þar áður (Fifa.com, 2011). Einnig hefur kvennalandsliðið komist inn á stórmót þegar liðið tók þátt á Evrópumeistaramótinu árið 2009 í Finnlandi. Ekki er hægt að segja það sama um árangur karlalandsliðsins. Vissulega hafa þær bætt sig frá því að fyrsti landsleikurinn var spilaður en samt ekki á sama hraða

og kvennalandsliðið hefur gert. Í júní á þessu ári voru þeir í 122. sæti á heimslista FIFA af 202 landsliðum en aldrei áður hefur liðið verið jafn neðarlega á listanum. Á Evrópulista UEFA voru þeir í 48. sæti af 53 liðum og er þetta neðsta sætið sem liðið hefur farið í á listanum (Fifa.com, 20011). Einnig hefur þeim aldrei tekist að komast inn á stórmót. Oft á tíðum hef ég velt því fyrir mér, miðað við góðan árangur og bætingu íslenska kvennalandsliðsins, hvers vegna það mæta miklu færri áhorfendur til að horfa á leikina þeirra en karlalandsliðsins? Hvað er það sem hefur áhrif á mætingu fólks á leikina? Geta fjölmiðlarnir verið valdur að því? Árangur kvennaliðsins ætti að vera sjálfum sér nægur til að ýta undir aukna umfjöllun fjölmiðla og að fleiri mæti til þess að horfa á leikina. Eða getur ástæðan verið sú að fjölmiðlar fjalla ekki eins mikið um Pepsi-deild kvenna líkt og þeir gera um Pepsi-deild karla? Og með því að gera það eru fjölmiðlarnir þá að senda einhvers konar skilaboð til almennings um að kvennaboltinn sé ekki nægilega góður til að vert sé að fjalla um hann á sama hátt og fjallað eru um karlaboltann?

Markmið rannsóknarinnar var að athuga hvort að sjáanlegur munur væri á íþróttarorðæðunni í umfjöllunum um landsleiki sem fóru fram nú í ár hjá A-landsliði karla- og kvenna í knattspyrnu ásamt því að skoða hvort munur væri á íþróttarorðæðunni hjá þjálfurum og leikmönnum karla- og kvennalandsliðsins sem fóru í viðtöl eftir leikina. Út frá þessum þælingum mínum og markmiði myndaði ég aðalrannsóknarspurninguna sem er tvíþætt:

***Hvaða munur er á orðræðunni í umfjöllum netmiðla á leikjum kvenna- og karlalandsliðs Íslands?***

***Hvaða munur er á orðræðunni í viðtölunum eftir því hvort leikmenn kvennalandsliðsins eða karlalandsliðsins fara í þau?***

Út frá þessum aðlspurningum fann ég fjórar undirspurningar sem mig langaði til þess að skoða:

- 1. Er munur á orðræðunni eftir því hvort karlalandsliðið vinnur og kvennalandsliðið vinnur?*
- 2. Er munur er á orðræðunni eftir því hvort karla- og kvennalandsliðið standa ekki undir væntingum fjölmiðla?*



3. Er munur er á orðræðu leikmanna og þjálfara þegar lið þeirra vinnur?

4. Er munur er á orðræðu leikmanna og þjálfara þegar lið þeirra stendur ekki undir væntingum fjölmiðla?

Í upphafi ritgerðarinnar verður fjallað stuttlega um sögu orðræðugreiningu og helstu hugtökin í henni. Næst verður orðræðugreining útskýrð sem rannsóknaraðferð. Síðan tekur við kafli sem fjallar um íþróttir og kyn, orðræðugreining tengd inn í og vitnað í rannsóknir og viðtöl um konur, karlmenn og íþróttir. Þá verður einnig skoðað hvernig kynjagreining kemur fram á íþróttasíðum í blaða- og ljósvakamiðlum. Því næst tekur við útskýring á því hvernig ritgerðin var unnin, hvernig heimilda var aflað ásamt skipulagningu og úrvinnslu. Þá tekur við orðræðugreiningin þar sem hver leikur er greindur til hlítar, fyrst eru umfjallanirnar teknar fyrir og skrifaðar niðurstöður úr þeim. Þar á eftir eru viðtölin greind og fjallað ýtarlega um niðurstöðrunar úr þeim. Að lokum verður fjallað um niðurstöður rannsóknainnar, hvort náðst hafi að svara spurningunum eða hvort eitthvað annað óvænt hafi komið í ljós sem ekki var leitast sérstaklega eftir.

## Hvað er orðræðugreining?

Á seinni hluta tuttugustu aldar átti sér stað mikil endurskoðun á aðferðafræði rannsókna sem hafði það að markmiði að skapa þekkingu sem endurspeglar betur mannlegt samfélag og atferli. Útkoma þeirrar endurskoðunar var meðal annars þróun fjölda rannsóknaraðferða þar sem reynt er að auka skilning á mannlegu samfélagi, heldur en að finna upp nýjar staðreyndir. Ein af þessum aðferðum er orðræðugreining. Rætur hennar má rekja til hugvísinda, heimspeki, bókmenntafræði og sagnfræði en henni hefur á liðnum árum verið beitt í fjölmörgum rannsóknum (Kristín Björnsdóttir, 2003).

Með henni drögum við fram í dagsljósið tengsl og aðstæður, oft með því að skoða þróun hugmynda en líka með því að skoða hvernig hugmyndir rekast á og birtast á líðandi stund (Ingólfur Ásgeirsson, 2006). Með orðræðugreiningu er reynt að útskýra eða sýna hvernig hlutirnir eru settir fram eða tjáðir, hvort sem er með orðum eða tjáningu. Leitast er við að átta sig á því hvernig fyrirbæri verða til í frásögn eða umræðu, hvað er mögulegt eða viðeigandi að segja og hvað er ekki sagt. Með henni getum við áttað okkur á samspili

tungumáls, sjálfsskilings, þekkingar og valda (Kristín Björnsdóttir, 2003). Orðræða er síbreytileg og er út um allt, hvort sem það er í umhverfinu, tjáningu eða í tungumálinu.

## **Helstu hugtök orðræðugreingar**

Ingólfur Ásgeirsson segir að helstu hugtök orðræðugreiningar séu orðræða, þrástef, löggildingarlögmál, söguleg samverkan og eigin ögun. Einnig hafa hugtökin vald og þögn stórt hlutverk innan orðræðugreingar. Orðræða, þrástef og löggildingarlögmál eru samfléttuð hugtök. Hann bendir á að þrástef merki að eitthvað sé endurtekið mjög oft. Þrástefin mynda mynstur í orðræðunni. Þessi mynstur eru lögmál sem þó eru ekki algild, heldur hafa orðið til í pólitískum átökum fortíðar og samtíðar. Þessi mynstur eru kölluð söguleg og pólitísk löggildingarlögmál. Þar á eftir talar hann um löggildingarlögmál sem geta bæði í sér beinar og óbeinar reglur um hvað má segja um viðkomandi. Þetta eru reglur sem við verðum að taka tillit til ef við viljum að hlustað sé á okkur, en reynum jafnframt að hafa áhrif. Ólík sjónarmið í deilum eru oft til marks um ólík löggildingarlögmál og stundum er talað um ríkjandi og víkjandi orðræðu í samfélögum. Hann segir frá mikilvægu hugtaki til að athuga aðstæður þar sem mörgum hugmyndum lýstur saman er kallað söguleg samverkan en þar fá sumar hugmyndir meiri athygli heldur en aðrar. Og svo hugtakið eigin ögun sem felst í því að við hvernig við tileinkum okkur hugmyndir og athafnir sem sjálfsagðar og tókum þátt í að þagga aðrar niður.

Í verkefninu verður leitast eftir þrástefjum í umfjöllunum og viðtölum.

## **Orðræðugreining sem rannsóknaraðferð**

Ástæðan fyrir því að ákveðið var að greina orðræðuna í umfjöllun netmiðla á völdum landsleikjum A-landsliðs karla og kvenna og í viðtölum við þjálfara og leikmenn er margþætt. Í fyrsta lagi var það vegna starfs míns á Fótbolti.net, en einnig vegna mikils áhuga á fótbolta og öðrum íþróttum. Tvær aðferðir eru áberandi innan hinnar póststrúktúralísku hefðar, afbygging og orðræðugreining. Samkvæmt hinum póststrúktúralíska skilningi er tungumálið ekki orðasafn sem við veljum úr til að tjá hugsanir okkar. Við lærum ákveðinn máta til að tjá okkur eða ákveðna orðræðu sem byggir á vissri orðnotkun, líkamsmáli,

hljómbæl, svipbrigðum, látbragði og hreyfingum. Við tileinkum okkur ólíka orðræðu í námi, á heimilinu, meðal vina, í fjölmiðlum o.s.frv. Þannig er okkur kennt að skilja heiminn á ákveðinn hátt og túlka atburði frá ákveðnu sjónarhorni. Þekking mótast ávallt af þeim aðstæðum og tíma sem hún verður til í. Þekking verður fyrirmynd sem segir til um hvað sé eðlilegt og ákjósanlegt og því leiðbeinandi og mótandi (Kristín Björnsdóttir, 2003, 238-241). Þeir sem skoða tungumálið með póststrúktúralískum hætti spyrja sig eftirfarandi spurninga: Í hvaða félagslega samhengi hefur merking verið mótuð? Hvernig breytist merking? Hvernig hafa sumar merkingar náð sessi sem staðalmyndir en aðrar verið jaðarsettar? Hvernig er valdi viðhaldið? (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2003, 15). Einnig er reynt að setja frásögn einstaklings í samhengi við aðstæður og skoða þá möguleika sem einstaklingurinn hefur til að tjá reynslu sína. (Kristín Björnsdóttir, 2003). Rauðsokka er hugtak sem má nefna sem dæmi. Orðið var notað yfir konur sem börðust fyrir réttindum kvenna, misrétti og kúgun þeirra í samfélaginu. Fjallað var um rauðsokkur í samfélaginu og fjölmiðlum og út frá því varð til orðræðan sem margir þekkja nú til dags. Enn í dag er hægt að segja að hugtakinu hafi verið skipt út fyrir orðið femínisti, sem merkir það sama og rauðsokka. Bent er á um orðræðugreiningu gildi hvorki hefðbundin rök um eiginlegar eða meiginlegar rannsóknir heldur sjálfstæð rök. Sá sem greinir orðræðuna getur ákveðið að telja hversu oft tiltekin orð eða röksemdir koma fyrir, en um leið athugað í hvaða samhengi og með hvaða stílbrögðum röksemdirnar eru settar fram. Stundum er það samhengið en ekki magnið sem gerir röksemd að þrástefi (Ingólfur Ásgeirsson, 2006, 189).

## **Fjölmiðlar og kynferði í íþróttum**

Kynjaímyndir vísa til ríkjandi hugmynda í samfélaginu um hvað það þýðir að vera karl eða kona, hvernig karlar og konur eiga að hegða sér, hvernig þau eiga að líta út og hvað þau eiga og mega taka sér fyrir hendur (Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2002). Þannig skilgreindi Platon konuna óæðri karlinum. Hún væri honum síðri að visku, dygd og hugrekki. En samfélagið sem Platon lifði og starfaði í höfðu konur ekki borgaraleg réttindi og lítið svo á að eiginkonur væru eign karla sinna. Útilokun kvenna hélst í hendur við fyrirlitningu á eiginleikum sem eignaðir voru konum. Í *Ríkinu*, setur Platon fram draumsýn sína um fyrirmyndarsamfélagið sem gerir það að verkum að hann hefur stundum verið talinn með fyrstu kvennréttindasinnunum. En í fyrirmyndarsamfélaginu eiga fulltrúar beggja kynja í hinni

ráðandi stétt eiga að njóta sama uppeldis og sömu menntunar áður en þeir takast á hendur stjórn ríkisins (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2002).

Í dag er það auglýsinga- og fjölmiðlaheimurinn sem skapar og viðheldur tilteknum kynjaímyndum. Hann mótar sýn okkar á samfélagið og mótar sýn samfélagsins á okkur. Þátttakendur í samfélaginu geta aldrei alfarið snúið baki við eða hafnað ríkjandi kynjaímyndum, en geta og eiga að vera gagnrýnin á ríkjandi kynjaímyndir. Sífelld þarf að skoða merkingu þeirra kynjaímynda sem haldið er á lofti. Hvort bæði kynin séu sýnd sem virkir gerendur í samfélaginu sem virðing er borin fyrir eða er gömlum og stöðluðum kynhlutverkum viðhaldið, þar sem karlar birtast sem gerendur með völd, en konur eru valdalaus viðhengi, sem eiga að fegra og prýða umhverfið, halda kjafti, hlýða og vera góðar? (Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2002). Umfjöllun fjölmiðla um íþróttir hefur mikil áhrif á vinsældir þeirra og eru háðar þeirri ímynd sem þeir birta. Ef engin frétt er birt um viðkomandi íþróttagrein eru það skilaboð til samfélagsins um að íþróttagreinin skipti ekki máli. Hún sé ekki þess virði að fjallað sé um hana (Hlíf Þorgeirsdóttir, 2010, 17).

Rannsóknir sýna að íþróttir hafa gífurlegt forvarnargildi hvað varðar áfengi og vímuefni, stuðla að bættri heilsu, betri árangri í námi og svona mætti lengi telja. Engu að síður eru lagðir steinar í götu kvenna og skortur á umfjöllun er einn þeirra. Með því vantar fyrirmyndir af eigin kyni en vitað er að þær eru mikilvægar. Umfjöllunin ein og sér bjargar þó ekki öllu. Stúlkur verða að líka að fá hvatningu heima fyrir, en rannsóknir sýna að þær fá hana síður en drengir (Konur, íþróttir og KASTLJÓS FJÖLMIÐLA, 1999). Árið 2004 unnu Ísland, Austurríki, Litháen, Noregur og Ítalía saman að rannsókn er nefndist *Sports, Media and Stereotypes. Women and Men in Sports and Media*. Markmið rannsóknarinnar var að skapa þekkingu á hlut og hlutverkum karla og kvenna í íþróttum í Evrópu og finna leiðir til að brjóta upp staðalímyndir kynjanna í tengslum við íþróttir. Skoðaðar voru um 1700 íþróttufréttir úr blöðum og sjónvarpi og þess gætt að hvert land ætti um 20% fréttar í gagnagrunninum. Valin voru tvö ólík tímabil þannig að engin ein íþróttagrein var allsráðandi. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru að að karlmenn birtust oftast en konur í íþróttufréttum og meirihluti fréttar var um hópíþróttir og þá einkum fótbolta. Aðrar rannsóknir hafa leitt til sambærilegrar niðurstöðu um að fótbolta er yfirgnæfandi af því efni sem sýnt er í fjölmiðlum (Kjartan Ólafsson, 2006). Rannsóknin sýndi að evrópsk íþróttaumfjöllun styrkir hefðbundnar staðalímyndir kynjanna. Karlmenn eru gerðir að meiri hetjum í fjölmiðlunum og áherslan oft á frægð þeirra og einkalíf á meðan umræðan um konur er frekar um íþróttina sjálfa en

persónuna. Mun færri konur en karlar eru íþróttافرéttamenn. Sjónarmið, gildi og viðmið karlanna eru því ríkjandi í íþróttافرéttamennsku. Þetta er svipað hér á landi þar sem engin kona er skráð í Samtökum íþróttافرéttamanna (Hlíf Þorgeirsdóttir, 2010, 19)

Í grein sem birtist í Morgunblaðinu, 18. júlí árið 1999, og heitir *Konur og íþróttir og KASTLJÓS FJÖLMIÐLA* eru viðtöl við einstaklinga sem vildu koma umfjöllun um kvennaíþróttir upp á yfirborðið í þjóðfélagssumræðunni. Leitað var skýringa á því að umfjöllun um íþróttakonur í fjölmiðlum er ekki í samræmi við þátttöku þeirra í íþróttum? Kemur í ljós að ágreiningur er um hlutverk fjölmiðla í samfélaginu. Hvort það sé á þeirra ábyrgð að tryggja ungmenum verðugar fyrirmyndir og gæta þess að ekki sé hallað á konur. Eða hvort hlutverk fjölmiðla sé einungis að spegla tíðarandann og því beri þeir ekki ábyrgð á því sem gerist í þjóðfélaginu. Í greininni er rætt er við Krístrúnu Heimisdóttur, Vöndu Sigurgeirsdóttur, Loga Ólafsson, Sigmundur Steinarsson og Ingólf Hannesson. Krístrún Heimisdóttir er fyrrverandi landsliðskona í knattspyrnu. Hún var meðal frumkvöðla að stofnun hagsmunasamtaka knattspyrnukvenna árið 1991 og var íþróttافرéttamaður hjá Ríkisútvarpinu í sumarafleysingum 1991-3. Að hennar mati leikur ekki vafi á því að jafnræði ríki ekki í umfjöllun um konur og karla í íþróttum og þegar hún hóf störf sem íþróttافرéttamaður hafði hún það markmið að tala alltaf um karlalandslið eða kvennalandslið. En hefðin var sú að þegar talað var um „landsliðið“ merkti það karlalandsliðið en ávallt var talað kvennalandsliðið þegar talað var um það landslið sem konurnar skipuðu. Þannig telur Krístrún að hún hafi haft áhrif á orðræðuna. Vanda Sigurgeirsdóttir, fyrrverandi landsliðsþjálfari kvennalandsliðs Íslands í knattspyrnu, telur umfjöllun almennt um íþróttir kvenna sé hvorki nægjanlega mikil né góð hér á landi. Logi Ólafsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari í kvenna- og karlaknattspyrnu telur eðlilegt að umfjöllunin sé meiri um karlana þar sem þar eru stærri hlutir að gerast og um meiri fjárhæðir að ræða. Logi bendir á að það hafi verið ríkjandi hjá konunum að bera sig saman við karlmennina. Þegar hann þjálfaði landslið kvenna í knattspyrnu bað hann liðsmennina um að ýta þeirri hugsun til hliðar og einbeita sér að því að ná árangri inni á vellinum. Næðist árangur fengu þær meiri umfjöllun fjölmiðla og meiri athygli frá knattspyrnusambandinu og það var einmitt það sem gerðist þegar liðið náði ágætis árangri, umfjöllunin varð mun meiri. Sigmundur Steinarsson, fréttastjóri íþróttافرétta Morgunblaðsins upplifir það sama og Logi, og telur hann að það hafi orðið mikil uppsveifla í kvennaíþróttum og að skrifum um kvennaíþróttir hafi að sama skapi aukist. Hann bendir á að iðulega séu afar fáir áhorfendur á kvennaleikjum, hvort sem er í keppni félagsliða eða landsleikjum og telur að ástæðurnar liggja

í röngu skipulagi á kvennadeildinni. „Það eru svo fá lið í toppbaráttunni og í raun ekkert lið sem getur ógnað KR-ingum. Því verður deildin ekki jafn spennandi á að horfa“. (Sigríður Dögg Auðunsdóttir, 1999) Krístrún er ekki sammála og telur að ástæður fyrir fáum áhorfendum á leikjum í kvennadeildinni sé sú að kvennaknattspyrna hafi einungis verið stunduð á Íslandi í tæp þrjátíu ár en karlaknattspyrna í um áttatíu. Hún segir að áhorfendum á kvennaleikjunum fjölgi jafnt og þétt. Að sögn Krístrúnar taka margir íþróttafréttamenn kvennaknattspyrnuna ekki alvarlega og þekkja til að mynda ekki nöfnin á leikmönnum. „Það þykir ægilegur brandari þegar kona hittir ekki boltann en fjölmargir íþróttamenn á heimsmælikvarða gera slíkt hið sama án þess að það þyki neitt tiltökumál. Það er alveg sama hvað fjallað er um, starf fjölmiðlamannsins felst í því að þekkja viðfangsefnið og setja það fram á áhugaverðan hátt. Það er líklega það sem kvennaíþróttirnar þurfa á að halda, að fjallað sé um þær af fagmennsku. Kvennaíþróttir eru áhugaverðar, fjölmiðlamenn þurfa bara að fara að uppgötva það. Varðandi gagnrýni um að konur beri skarðan hlut frá borði í umfjöllun um konur í íþróttum segir Sigmundur Steinarsson að gagnrýnin beinist fyrst og fremst að boltaíþróttum. Markmiðið íþróttafréttanna sé að sinna afreksfólki án þess að gera greinamun á kyni en áhugi fyrir boltaíþróttum kvenna sé mjög lítill. Sigmundur telur það ekki vera ábyrgð fjölmiðla að skapa áhuga á ákveðinni íþrótt, því þá séu blaðamenn orðnir uppalendur en ekki fréttamenn. „Fjölmiðill endurspeglar alltaf það sem áhugi er á. Mest er fjallað um það sem er í sviðsljósinu“ (Sigríður Dögg Auðunsdóttir, 1999). Ingólfur Hannesson, yfirmaður íþróttadeildar Sjónvarpsins, er sammála Sigmundi um að ekki sé við fjölmiðla að sakast. „Það er eðli fjölmiðlanna að fylgja eftir breytingum í þjóðfélaginu en ekki að skapa þær“, segir Ingólfur (Konur, íþróttir og Sigmundur heldur því einnig fram að konur séu viðkvæmari fyrir umfjöllun en karlar. Umfjöllun um kvennaboltann sé oft vandmeðfarin, konurnar vilji umfjöllun en þoli ekki gagnrýni. Margar kvartanir hafa borist til hans um að verið sé að brjóta stúlkurnar niður í frásögnum frá leikjum. Þegar nánar er skoðað kemur í ljós að kvartanir hafa borist vegna fréttanna um að annað liðið hafi sigrað með miklum yfirburðum þegar leikur hefur endað 8-0 (Sigríður Dögg Auðunsdóttir, 1999). Ingólfur er honum ósammála og telur þær hugmyndir um að konur séu viðkvæmari fyrir umfjöllun en karlar ekki marktæka ástæðu til að fjalla síður um kvennaíþróttir. Hann segir þetta þó snúa meira að dagblöðunum en ljósvakamiðlunum því hlutverk dagblaðanna sé annað. „Ljósvakamiðlarnir lýsa leikjum í sjónvarpi eða útvarpi en hlutverk dagblaðanna er að gagnrýna leikina að þeim loknum. Það getur vel verið að konur taki gagnrýni á annan hátt en karlmenn en ég get ekki ímyndað mér

að konur óski eftir því að fá annars konar umfjöllun og gagnrýni en karlmenn. Á sama hátt og karlmenn verða konur að læra að taka gagnrýni og láta sér vaxa skráp" (Sigríður Dögg Auðunsdóttir, 1999).

## **Rannsóknaraðferð**

Ég valdi þrjú landsleiki hjá A-landsliði karla- og kvenna og ákvað að skoða orðræðuna í umfjöllunum sem skrifaðar voru eftir leikina á vefsíðunum Fótbolti.net, Vísir.is og Sport.is. Alls voru þetta 18 umfjallanir frá netmiðlunum, níu umfjallanir frá kvennaleikjum og níu frá karlaleikjum. Til að þrengja verkefnið valdi ég tvo og í mesta lagi þrjú aðila sem fóru í viðtöl frá hvoru landsliði til orðræðugreiningar, en ekki er alltaf um sömu einstaklingana að ræða í viðtölunum nema þjálfarana. Ég horfði á vefviðtöl og notaðist líka við vefgreinar úr 28 viðtölum við leikmenn og þjálfara kvennalandsliðsins og 21 viðtal við leikmenn og þjálfara frá karlalandsliðinu. Ástæðan fyrir því að karlalandsliðið er með færri viðtöl er vegna þess að fjölmiðlarnir fengu oft heimild til þess að samnýta viðtöl sem annar fjölmiðill tók eftir leikina en tveir af þessum leikjum þeirra sem voru orðræðugreindir voru spilaðir erlendis. Upphaflega áttu netmiðlarnir að vera fjórir en vegna þess að Mbl.is var bara með textalýsingu úr leikjum var ákveðið að notast aðeins við viðtölin úr leikjunum frá þeim. Landsleikirnir sem valdir voru hjá körlunum voru, Noregur – Ísland sem var spilaður 2. september 2011, Ísland – Kýpur sem var spilaður 6. september og Portúgal – Ísland sem var spilaður 7. október. Hjá konunum voru valdir, Ísland – Búlgaría sem var spilaður 19. maí 2011, Ísland – Noregur sem var spilaður 17. september 2011 og Ísland – Belgía sem var spilaður 21. september árið 2011. Safnað var saman umfjöllunargreinum um leikina og viðtölum úr leikjunum, því næst voru þær lesnar yfir og útbúin þrástefjalisti þar sem flokkuð voru þrástef úr leikjunum í jákvæð eða neikvæð, ásamt því að lesa greinar um orðræðugreiningu. Síðan tók við að orðræðugreina viðtölin, skrifa niður það sem var mest áberandi í viðtölunum og greina það niður í þrástef.

## Hugtök til orðræðugreiningar í umfjöllunum

Útbúinn var listi sem notaður var í greiningunni og gerð grein fyrir hugtökunum sem voru á listanum. Þau má sjá hér að aftan.

### *Þrástef*

Leitast var við að finna þrástef í umfjöllunum sem lesin voru og þau skrifuð niður um leið. Gerðar voru margar tilraunir til að leita af þrástefjum í umfjöllunum og það sem kom best út var að leita af jákvæðum og neikvæðum þrástefjum.

### *Jákvæð þrástef*

#### *1. Hrós*

Hrós er eitthvað sem kemur fram í öllum umfjöllunum um kappleiki. Annað hvort er hrósað fyrir góða frammistöðu liðs, leikmanns eða ákvarðanatöku þjálfara og oftast en ekki hrósað fyrir glæsimörk eða sendingar.

#### *2. Þjóðerni*

Margir telja að notkun orða tengd þjóðerni liða/fólks liti umfjallanir og gefi þeim annan blæ. Þessi orð eru oft notuð til að upphelja eða lýsa því hvernig þjóðir birtast okkur. T.d. orðin þýska stálið, sem er notað vegna þess að oft er vitnað í Þjóðverja sem sterka og vinnusama þjóð sem ekkert bítur á. Einnig má nefna orðið íslensku víkingarnir en þar er verið að vitna í baráttu og þrautseigju sem einkennir þjóðina okkar í kappleikjum, íslenskir víkingar sem gefa ekkert eftir

#### *3. Styrkur/ Kraftur/ úthald – Hvað er það sem er sýnt inn á vellinum?*

Áhugi var fyrir því að leita af þeim þrástefjum þar sem fréttamenn lýsa einstaklingum eða liðinu inn á vellinum, t.d. eins og „mikill sóknarþungi var í liðinu í byrjun leiksins“ eða „íslensku strákarnir byrjuðu leikinn að krafti“.



## ***Neikvæð þrástef***

### ***1. Óheppni***

Heppni og óheppni eru orð sem tengjast íþróttum mikið. Þegar að það munar litlu á að lið vinni sigra eða tapar leik sem að liðið var með í höndunum er oft notað orðið óheppni. Eða þá að leikmenn hafi verið mjög óheppnir með nýtingu á færum sem þeir fengu í leiknum.

### ***2. Léleg frammistaða***

Það kemur fyrir hjá liðum og íþróttamönnum að þeir/þær ná ekki að standa undir væntingum vegna lélegrar frammistöðu. Oft er reynt að leita að sökudólgi sem orsakaði tapið eða slæma kafla liðsins.

### ***3. Gagnrýni frá fréttamönnum***

Gagnrýni fréttamanna getur verið margvísleg allt frá því að setja út á umgjörð leiksins í að gagnrýna leikinn sjálfann. Fréttamenn lesa í leik liða og setja út á það sem þeim finnst helst vanta eða það sem mætti gera betur. Þessar skoðanir fréttamanna geta haft mikil áhrif á skoðanir landans.

### ***Greining þrástefja úr viðtölunum***

Skipulaginu er fylgt líkt og að ofan og byrjað á því að greina viðtölin hjá leikmönnum kvennaliðsins. Það var hins vegar ákveðið að fækka þrástefjunum úr þremur jákvæðum og neikvæðum í tvö jákvæð- og neikvæð þrástef.

## **Hugtök til orðræðugreiningar úr viðtölunum**

### ***Jákvæð þrástef***

#### ***1. Hrósi/eigið álit***

Leikmenn og þjálfarar hrósa liðinu og leikmönnum fyrir góðan leik/frammistöðu og segja sitt álit á leiknum. Skoðað verður hver algengustu þrástefin eru sem leikmenn nota í viðtölunum.

#### ***2. Stuðningur***

Oft er sagt að stuðningsmenn og áhorfendur séu tólfti maðurinn inn á vellinum og í viðtölum fyrir leiki tala leikmenn og þjálfarar oft um hversu mikilvægur stuðningur getur verið fyrir liðið. Athugað verður hvort eitthvað sé minnst á áhorfendur eftir leikina og hvort leikmenn finni fyrir stuðningi áhorfenda þegar þeir eru inn á vellinum.

### ***Neikvæð þrástef***

#### ***1. Óheppni***

Leikmenn vita oftast betur en áhorfendur um það er sem fer útskeiðis hjá liðinu ef úrslitin eru ekki eins og vonast var eftir. Óheppni getur verið mikill áhrifavaldur og hreinlega eyðilagt eða spillt fyrir úrslitum leikja. Kannað verður hvort leikmenn kenni óheppninni um úrslit leikjanna.

#### ***2. Léleg frammistaða***

Frammistaða leikmanna og liðsheildarinnar skiptir sköpum svo að ásættanleg úrslit náist. Í tengingu við óheppni getur léleg frammistaða eyðilagt leiki. Athugað verður hvort leikmenn og þjálfarar finni eitthvað að frammistöðu síns liðs og hvort leikmenn setji út á eða gagnrýni spilamennskuna.

## Greining þrástefja úr umfjölluninum

Ákveðið var að greina umfjallanirnar leik fyrir leik, eftir þrástefjunum sem valin voru. Fyrst voru leikirnir þrír með stelpunum greindir og síðan þrír leikir með strákunum.

### *Ísland 6-0 Búlgaría*

Fyrir leikinn var Ísland talið mun sterkari aðilinn og því var búist við því að Ísland myndi sigra. Teknar voru þrjár umfjallanir úr landsleiknum sem var spilaður þann 19. maí 2011. Magn umfjallanana var svipuð hjá öllum netmiðlum. Jákvæðu þrástefin voru þau að stelpurnar fengu mikið hrós fyrir sigurinn, sem var kallaður stórsigur, sannfærandi, þægilegur og glæsilegur. Mikið er talað um frábæran fyrri hálfleik. Þeim er einnig hrósað fyrir það að eiga ekki í vandræðum með mótherja sína og voru með yfirburði í leiknum. Margrét Lára Viðarsdóttir, sem spilar sem framherji eða miðjumaður í landsliðinu skoraði fjögur mörk í þessum leik og var hrósað mjög fyrir vikið. Talað var um spilamennsku hennar á jákvæðan hátt, að hún hafi átt frábæran leik, verið baneitruð og hafi kórónað spilamennsku sína með fjórða og síðasta marki leiksins. Það sem einkenndi spilamennsku kvennaliðsins var að þær nýttu færin sín vel og þá var stundum talað um að þeim hafi ekki brugðist bogalistinn, en þá er átt við að þær hafi nýtt færin sín vel. Einnig var sagt frá því að þær byrjuðu leikinn að krafti, verið sannfærandi og ráðið ferðinni. Fréttamenn léku sér með þjóðerni liðsins og stundum voru þær kallaðar íslensku stúlkurnar, stúlkurnar, þær íslensku eða þá stelpurnar okkar. Algengast var þó að nota íslenska liðið eða Ísland. Í neikvæðu orðræðunni var ekki mikið sem hægt var að setja út á leik liðsins. En þó vildu fréttamenn meina að þær hefðu átt að vera með heppnina aðeins hliðhollari sér. Spilamennska liðsins datt niður og var sá kalfi sagður daufur eða að hann hafi dofnað. Þeim skort hungrið, eftir að hafa verið með yfirburði í leiknum og skorað mörg mörk. Fannst fjölmiðlum eins og stelpurnar væru sáttar og saddar og nenntu ekki að hafa fyrir því að bæta við mörkum. Þávar sagt að þær hefðu fátt upp á að bjóða í spilamenskunni. Sigurinn og spilamennskan var gagnrýnd á þann hátt að niðurstaða leiksins hafði ekki skilið mikið eftir sig þrátt fyrir stórsigur, og að þær hafi ekki fengið mikla mótspyrnu vegna þess að mótherjarnir voru daprir.

### ***Ísland 3-1 Noregur***

Noregur átti að vera erfiðasti andstæðingur Íslands í Evrópukeppninni. Því bjuggust allir fjölmiðlar við erfiðum leik. En þær komu á óvart og sigruðu Noreg með nokkrum yfirburðum. Teknar voru þrjár umfjallanir úr landsleiknum sem spilaður var 17. september 2011. Í jákvæðu orðræðunni gegn Noregi fengu þær mesta hrósið fyrir að hafa átt frábæran fyrri hálfleik, sem var einnig sagður vera stórkostlegur. Sigurinn sjálfur var sagður glæsilegur, frábær, stórglæsilegur og afar góður. Sagt var um spilamennsku liðsins að þær hafi leikið á alls oddi, byrjað feikilega vel og spilað frábærlega. Fjölmiðlar voru svo stoltir af sigrunum að þeir sögðu að ef liðið spilaði eins og það gerði gegn Noregi að þá væru fá lið sem myndu standast þeim snúninginn. Leikmenn liðsins eru kallaðar stelpurnar, stelpurnar okkar en algengast er samt að vitnað sé í þær sem íslenska liðið eða Ísland. Í leiknum var liðið sagt vera öflugt, sterkt, baráttuglatt, skipulagt og að þær hefðu gefið fá færi á sér. Þær voru með mikla yfirburði og slógu Noreg út af laginu. Það helsta sem þær voru gagnrýndar fyrir og það eina sem hægt var að greina sem neikvæða orðræðu var að það dró af liðinu í síðari hálfleik og Noregur komst meira inn í leikinn. Þær náðu því ekki að komast í takt við leikinn aftur.

### ***Ísland 0-0 Belgía***

Fyrir leikinn var Ísland talið vera sterkara liðið. Búið var við því að þær myndu vinna en þær áttu í vandræðum með Belgana og jafntefli varð niðurstaðan. Teknar voru þrjár umfjallanir úr leiknum sem spilaður var 21. september 2011. Það eina sem liðið fékk hrós fyrir var að stelpurnar voru talsvert betri, sköpuðu sér færi og stóðu sig ágætlega. Í umfjölluninum var lang oftast vitnað í liðið sem íslenska liðið eða Ísland. En þó kom fyrir að þær voru kallaðar stelpurnar, íslensku stúlkunar eða stelpurnar okkar. Það sem einkenndi liðið í leiknum var að þær voru hættulegar og mun meira með boltann. Þær voru þungar í sókninni og sköpuðu sér mörg færi. Talsvert var sagt frá óheppni liðsins, eins og að bogalistin hafi brugðist þeim, að markið lægi í loftinu og herslumuninn hafi vantað. Það sem var að frammistöðu liðsins var að sendingarnar voru misheppnaðar, liðið var ekki nógu beinskeytt, gekk illa að brjóta vörn þeirra á bak aftur og það var alltaf síðasta snertingin sem kikkaði við mark andstæðinganna. Liðið var helst gangrýnt fyrir það að hafa ekki boðið upp á samskonar flugeldasýningu og þær gerðu í leiknum á móti Noregi. Þær ollu áhorfendum vonbrigðum eftir að flestir bjuggust við sigri. Einnig var

talað um að þær hefðu kannski verið sigurvissar fyrir leikinn, ekki mætt vel stemmdar til leiks eða að þær hefðu vanmetið mótherjana. Síðan var sagt að þær skorti hugmyndaflug, féllu á prófinu og að úrslitin hafi verið vonbrigði. Svekkelsi og orðræðu fréttamanna má útskýra sem svo að lið Belgíu er neðarlega á styrkleikalistum UEFA og FIFA og því var búist við því að Ísland myndi eiga svipaðan leik og á móti Búlgaríu. Það gekk hins vegar ekki eftir og með jafnteflinu voru stelpurnar að gera sér erfiðara fyrir í riðlinum.

## **Leikir íslenska karlalandsliðsins**

### ***Noregur 1-0 Ísland***

Lið Íslands var talið veikara liðið í leiknum, en þrátt fyrir það vissu flestir að liðið hafði burði til að standa í norska liðinu. Teknar voru þrjár umfjallanir úr leiknum sem spilaður var 2. september 2011 úti í Noregi. Í jákvæðu þrástefjunum var liðinu var hrósað mest fyrir góða baráttu, mikla vinnusemi og góðan varnarleik. Þá var Hjörtur Logi Valgarðsson, valinn besti leikmaður landsliðsins. Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari gerði nokkrar heppilegar breytingar á liðinu sem urðu til þess að liðið átti mjög góðan kafla í leiknum og fékk hann mikið hrós fyrir. Þá átti liðið nokkur flott uppspil og áhugaverð marktækifæri. Ekki var mikil fjölbreytni í orðanotkun fjölmiðla þegar þeir voru að vitna í landsliðið en orðin sem voru notuð voru íslenska liðið eða Ísland. Það sem einkenndi spilamennsku liðsins var barátta sem sögð var til eftirbreytni hjá liðinu miðað við síðustu leiki og varnarvinnan góð. Þeir lögðu sig fram og byrjuðu leikinn af krafti. Stefán Logi Magnússon, markmaður landsliðsins braut klaufalega af sér sem orsakaði að vítaspyrna var dæmd og úr henni var eina mark leiksins skorað en Noregur sigraði eftir þessi dýrkeyptu mistök. Liðinu gekk illa að halda boltanum en voru þó að leggja sig fram. Sóknarlega var bitið lítið og þeir leikmenn sem áttu að sinna sóknarhlutverki liðsins fengu fá tækifæri til að búa eitthvað til og voru lítið áberandi. Strákarnir höfðu verið mikið gagnrýndir fyrir spilamennsku og úrslit úr leikjum í þessari undankeppni Evrópumótsins sem fer fram árið 2012. Fyrir þennan leik hafði Ísland gert eitt jafntefli og tapað fjórum leikjum í undankeppninni. Þeir voru helst gagnrýndir fyrir að ná ekki að vinna eða klára leikinn almennilega. Talað var um söguna endalaus og minnst var á að liðið hafi aðeins náð einu stigi úr síðustu sex leikjum. Enn ein vonbrigðin og svekkjandi

tap. Einnig er sagt frá því að liðið hafði aðeins unnið einn leik af fimmtán keppnisleikjum undir stjórn þjálfarans. Þá var Stefáni Loga var aðallega kennt um tapið.

### *Ísland 1-0 Kýpur*

Síðasti leikur liðanna endaði með markalausum jafntefli og því var séns fyrir Ísland að vinna liðið á heimavelli í Laugardalnum. Farið var yfir þrjár umfjallanir um leikinn sem spilaður var 6. september 2011. Eftir erfitt tímabil hjá liðinu var komið að því að jákvæða orðræðan væri lengri en sú neikvæða. Þetta var algengasta sem fjölmiðlar skrifuðu um leikinn: Loksins íslenskur sigur, leikmenn Íslands léku vel í kvöld og liðið var vel að sigrinum komið. Þarna var talað um að löng bið fjölmiðla, landsmanna og leikmanna var á enda eftir sigur á Kýpverjum. Liðinu var hrósað fyrir góða vörn og að ná að skapa usla í vörn mótherjanna. Hannes Þór Halldórsson, markvörður liðsins, bjargaði oft meistaralega og sýndi glæsileg tilþrif. Hann stóð vatktina vel í markinu og nýtti tækifærið. Jóhann Berg Guðmundsson var líflegur í sóknarleiknum og duglegur. Eggert Gunnþór Jónsson var fastur fyrir og komst ágætlega frá sínu. Kristján Örn Sigurðsson átti góðan leik og bjargaði vel í vörninni. Fréttamenn voru ekki eins fjölbreyttir í nafnaköllun á liðinu. Einu sinni kom fyrir að þeir notuðu orðið strákarnir og menn, þegar sagt var að fjarað hefði verið undan mönnum. En annars var lang algengast að nota íslenska liðið eða Ísland. Það sem einkenndi spilamennsku liðsins var kraftur, þungur sóknarleikur og góð varnarvinna sem stóð öll áhlaup Kýpverja af sér. Einnig áttu þeir snarpar sóknir og voru duglegir að koma boltanum inn í teiginn. Í neikvæðu orðræðunni var ekki talað um að liðið eða leikmenn hafi verið óheppnir í leiknum en það sem var að í leiknum var að nokkrir leikmenn virtust þreyttir. Einnig var talað um að samstarf Kolbeins Sigþórssonar og Eiðs Smára Guðjohnsen hafi ekki staðið undir væntingum og sorglega lítið komið út úr því. Það sem þeir voru helst gagnrýndir fyrir var að þeir buðu ekki upp á neina flugeldasýningu með spilamennskunni og einnig var slakt samstarf Eiðs Smára og Kolbeins Sigþórssonar gagnrýnt.

## ***Portúgal 5-3 Ísland***

Búið var við því að Ísland myndi tapa leiknum úti og sú varð raunin. Seinni hálfleikur liðsins var mjög vel spilaður og hafði liðið ekki átt svona vel spilaðan hálfleik í háa herrans tíð. Farið var yfir þrjár umfjallanir úr leiknum sem spilaður var 7. október 2011. Umfjöllunin frá Fótboldi.net var mjög stutt en hinir netmiðlarnir voru með góða umfjöllun. Eftir leikinn gegn Portúgal var leikmönnum hrósað mikið. Liðið sýndi vilja, ágæt tilþrif og baráttan var til fyrirmyndar. Strákarnir voru ferskir og frammistaða liðsins var hin ágætasta og í seinni hálfleik var hún mögnuð og liðinu til sóma. Liðið fékk plús í kladdann fyrir að hvika hvergi og halda sínu striki. Miðjumenn liðsins voru duglegir og hreyfanlegir. Birkir Bjarnason, Aron Einar Gunnarson og Hjörtur Logi Valgarðsson hlupu úr sér lungu og lifur og stigu vart feilspor. Hallgrímur Jónasson kom einnig sterkur inn. Birkir Bjarnason var frábær og Gylfi Þór var góður. Sölvi Geir Ottesen og Kristján Örn Sigurðsson stóðu sig einnig vel þrátt fyrir nokkur einstaklingsmistök. Ungu strákarnir sýndu margir hverjir fina takta. Frammistaðan var virðingarverð og jákvæð. Algengast er að fjölmiðlamenn noti íslenska landsliðið eða íslenska liðið. En einnig nota þeir líka strákarnir, strákarnir okkar og Íslendingar þegar þeir vitna í liðið og svo kemur sprækt og flott íslenskt lið einu sinni fyrir. Það sem liðið sýndi inn vellinum var barátta, vilji, tilþrif. Einnig sýndu þeir dugnað sem var til fyrirmyndar, sóknarhug og hreyfanleika. Þeir voru kraftmiklir, sprækir sterkir og sóknarþenkjandi og sýndu fina takta inn á vellinum. Helsta neikvæða orðræðan var um mistökin hans Sölva Geirs en einnig var bent á að liðinu var refsað fyrir minnstu mistök vegna þess að varnarleikur liðsins var ekki nógu góður. Helsta gagnrýnin eftir leikinn beinist að varnarleiknum sem var ekki góður. Síðan er talið að skelfileg einstaklingsmistök hafi gert það að verkum að Portúgalarnir gengu á lagið og skoruðu mörkin fimm. Einnig kom fram að liðið hafi vantað einbeitingu. Svo var sett spurningarmerki við þjálfarann Ólaf, en fréttamenn vildu fá ferska fætur inn á völlinn í stöðunni 3-2.

## Niðurstöður úr þrástefjum umfjallananna

*1. Hvaða munur er á orðræðunni þegar karlalandsliðið vinnur og þegar kvennalandsliðið vinnur?*

Sigrar stelpnanna voru sagðir glæsilegir, sannfærandi og í báðum leikjunum var liðinu hrósað fyrir góða fyrri hálfleika. Í leiknum gegn Búlgaríu var Margrėti Láru hrósað mikið eftir að hafa skorað 4 mörk, en hún var eini leikmaðurinn sem var áberandi tekin fyrir og hrósað. Í leikjunum byrja þær að krafti, nýta færin sín vel, eru sannfærandi, skipulagðar, öflugar, sterkar og baráttuglaðar. Í eina sigurleik strákanna gegn Kýpur var talað um langþráðan sigur sem að leikmenn og þjóðin höfðu beðið eftir. Liðinu var hrósað fyrir að sýna dugnað, góðan varnarleik, eiga þungar og snarpar sóknir, og að ná að skapa vandræði í vörninni hjá andstæðingunum. Áberandi var að nokkrir leikmenn sem stóðu sig vel voru teknir fyrir í leiknum og hrósað fyrir spilamennsku sína. Fjölmíðlarnir notuðu fjölbreyttari orðaval þegar þeir töluðu um þjóðerni íslenska kvennalandsliðsins eins og t.d. íslensku stúlkurnar, stúlkurnar, stelpurnar okkar. Þegar þeir tala um strákana er algengast að þeir noti íslenska liðið eða Ísland. Helsti munurinn sem tekið var eftir í umfjöllununum er sá að oft var kafað dýpra í einstaklingsframtak karlalandsliðsins og hrósað fyrir það. Kvennalandsliðið var meira dæmt af frammistöðu liðsins í heild, fyrir það þegar leikmaður átti afgerandi góðan leik eins og þegar Margrét Lára skoraði mörkin fjögur.

*2. Hvaða munur er á orðræðunni þegar karla og –kvennalandsliðið standa ekki undir væntingum fjölmiðla?*

Kvennaliðið átti einn slæman leik af þessum þremur, það er þegar þær gerðu markalaust jafntefli við Belgíu. Vonbrigði leiksins voru þau að liðið bauð ekki upp á svipaða flugeldasýningu og í leiknum gegn Noregi og ollu því áhorfendum vonbrigðum því að flestir bjuggust við sigri. Einnig töluðu fjölmiðlarnir um að stelpurnar hefðu kannski verið búnar að vinna leikinn fyrirfram og hefðu mætt sigurvissar í hann. Karlaliðið tapaði tveimur leikjum af þrem og gegn Noregi munaði litlu að strákarnir hefðu nælt sér í stig, en Noregur náði að skora rétt undir lok leiksins. Stefáni Loga, markmanni, var að mestu kennt um tapið þar sem hann braut á leikmanni inn í teignum og Noregur fékk víti sem þeir skorðu úr og tryggðu sér



sigurinn. Vegna úrslita undanfarinna leikja og svo úr þessum leik var liðið gagnrýnt fyrir að klára ekki leikina sína og var talað um þessi úrslit sem söguna endalaus, vonbrigði og svekkelsi. Gegn Barsilíu átti Sölvi Geir, varnarmaður, stærsta þáttinn í tapinu en einnig voru nokkur önnur einstaklings mistök í leiknum. Út frá þessum mistökum var talað um einbeitingarleysi leikmanna. Helsti munurinn sem tekið er eftir hér er að í karlaleikjunum tóku vefmiðlarnir einstaklinga fyrir í liðinu og kenna þeim að stórum hluta um ófarir liðsins ef þeir hafa gert einhver stór mistök. Einnig sýna vefmiðlar óánægju sína með liðið og minnst á það hvesu langt síðan karlalandsliðið vann leik. Sú gagnrýni sem kvennaliðið fékk frá vefmiðlunum var á þá leið að þær hefðu mætt sigurvissar til leiks og með þessum úrslitum hefði liðið valdið áhorfendum vonbrigðum og ekki staðið undir væntingum frá því í síðasta leik. Þetta var munurinn á gangrýninni frá vefmiðlunum en liðin standa í ólíkum sporum, kvennaliðið var búið að vinna og ganga vel í síðustu leikjum, en karlaliðið hafði ekki unnið leik í langan tíma og því erfitt að bera saman gagnrýnina. Það er eins og fréttamennirnir á vefmiðlunum kafi dýpra ofan í leiki karlaliðsins og voru óhræddir við að gagnrýna ef einstaklingar innan liðsins áttu slæman leik. En þetta gera þeir ekki hjá kvennaliðinu. Það var eins og þeir væru að hlífa þeim fyrir gagnrýni og gagnrýna frekar liðið í heildina en að taka ákveðna leikmenn fyrir sem áttu slæman leik.

## **Greining þrástefja úr viðtölunum**

### ***Ísland 6-0 Búlgaría***

Jákvæðu þrástefin frá leikmönnum og þjálfara úr þessum leik eru hvað leikmennirnir sjálfir hrósa liðsfélögunum sínum fyrir framlag þeirra á vellinum og góða samtstöðu. Einnig var talað um að þær séu með frábært lið. Þær tala líka um að hafa náð ágætis spili og að sigurinn hafi verið góður. Helstu neikvæðu þrástefin voru um hvað mætingin í stúkuna hafi verið slök og í kjölfarið notuðu leikmenn og þjálfarar tækifærið til að hvetja fólk til að fjölmenna á næsta leik því að fyrir liðið er stuðningurinn mikilvægur. Þetta er eitthvað sem kom á óvart því ætlunin var ekki að leitast eftir þessum atriðum sem komu þó svo glögglega í ljós. Liðið vill ná árangri og biðlar því til þjóðarinnar um stuðning við bakið á sér svo að þær geti náð sem lengst.

### ***Ísland 3-1 Noregur***

Jákvæðu þrástefin voru þau hvað liðsheildin var stolt að hafa unnið þennan merkilega sigur gegn Noregi. Þær töluðu um að þær væru með hörkulið sem liðsheildin hefði tröllatrú á. Neikvæðu þrástefin voru þau að stelpurnar biðja um að fá fleiri stuðningsmenn á næsta leik og vonast til að fylla stúkuna. Hér er ljóst að leikmenn vilja fá fleiri stuðningsmenn í lið með sér til að hvetja þær áfram í að ná markmiðum sem sett hafa verið fyrir keppnina.

### ***Ísland 0-0 Belgía***

Jákvæðu þrástefin eftir þennan leik voru þau að þrátt fyrir að úrslit leiksins voru ekki eins og búist var við, þá höfðu leikmenn enn trú á liðinu og létu það í ljós skína að Ísland væri með betra lið en Belgía. Einnig þakka landsliðsmenn áhorfendum fyrir stuðninginn og má flokka það sem hrós frá leikmönnum til áhorfanda þar sem að þær höfðu í síðustu viðtölum óskað eftir meiri stuðningi. Neikvæðu þrástefin voru þau að ekkert hafði gengið upp hjá liðinu og að leikmenn nýttu ekki færin sem þær fengu. Einnig að þær náðu ekki að sýna sitt rétta andlit í leiknum og því hafði leikurinn endað sem skyldi. Nokkrum leikmönnum liðsins leið eins og þær hefðu tapað leiknum.

### ***Karllandsliðið***

#### ***Noregur 1-0 Ísland***

Jákvæðu þrástefin voru þau að leikmenn og þjálfari liðsins voru ánægðir með baráttuna í liðinu og leikmennirnir unnu vel á vellinum, eða með öðrum orðum að þeir hafi verið duglegir. Neikvæðu þrástefin voru svekkelsi leikmanna eftir að hafa lagt sig fram, einnig töluðu þeir um að hafa orðið kærulausir og einbeitingalausir, en þá var líklegast verið að tala um lokamínúturnar í leiknum þegar Stefán Logi, markvörður liðsins, felldi leikmann inn í teig sem tryggði Noregi sigurinn úr vítaspyrnu.

### ***Ísland 1-0 Kýpur***

Jákvæðu þrástefin voru þau að úrslit leiksins eru mikill léttir fyrir leikmenn og liðið sem hafði ekki unnið í langan tíma fyrir þennan leik. Einnig töluðu leikmenn um viljann sem þeir höfðu til að vinna leikinn. Sumum leikmönnum fannst liðið fá aukið sjálfstraust þegar eina mark leiksins var skorað og að það hafi hjálpað þeim að ná þessum úrslitum og halda leikinn út. Neikvæðu þrástefin voru þau að liðið hefur átt í basli með að ná góðum úrslitum síðan Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari tók við liðinu. En enn var minnst á árangur liðsins sem fréttamenn, leikmenn og þjóðin eru ekki nógu ánægð með.

### ***Portúgal 5-3 Ísland***

Jákvæðu þrástefin eftir þennan leik voru hversu stoltir leikmenn og þjálfari voru. En úr þessum leik vitnar Sport.is, Vísir.is og Fótbolti.net í viðtöl frá sjóvarpsstöðinni Stöð2sport og því má segja að áhugi fréttamanna fyrir leiknum hafi ekki verið mikill. Gæti það verið út af árangri liðsins undanfarin ár. Neikvæðu þrástefin voru ekki mörg en aðeins var talað um að heppnin hafi verið Portúgalsmegin og að lukkuðisirnar voru ekki með okkur Íslendingunum í leiknum.

## **Niðurstöður úr þrástefjum viðtalanna**

*Hvaða munur er á orðræðu leikmanna og þjálfara þegar lið þeirra vinnur?*

Í viðtölunum sem leikmenn kvennalandsliðsins og þjálfarar fóru í voru þau dugleg að hrósa liðsfélugum sínum fyrir mikilvægt framlag þeirra á vellinum og í heildina var mikil ánægja með liðsheildina í sigurleikjunum. Einnig tóku þau fram að þau væru stolt af liðinu og höfðu mikla trú á því. Í viðtölum sem leikmenn karlalandsliðsins og þjálfarar þeirra fóru í, töluðu þeir mest um hversu mikill léttir sigurinn gegn Kýpur var fyrir þá. Sigurinn hafði þau áhrif að þeir fóru aftur að finna sjálfstraustið sem liðið hafði vantað. Það sem kom út úr neikvæðu orðræðunni var það að þeim fannst þeir vera óheppnir í

leikjunum sem þeir töpuðu og stundum vantaði hjá þeim einbeitingu sem orsakaði það að kæruleysi leikmanna var oft það sem skildi á milli sigurs og taps í leikjum þeirra.

Neikvæða orðræðan hjá stelpunum snérist um það að þær hefðu ekki mætt rétt stemmdar í leikinn gegn Belgíu og vegna þess náðu þær ekki að standa sig sem skyldi í leiknum.

Liðin voru á mjög ólíkum stöðum í riðlunum sem þau voru að taka þátt í og því endurspegladist orðræðan að mestu eftir því hvernig mótið hafði spilast fyrir liðin.

*Hvaða munur er á orðræðu leikmanna og þjálfara þegar lið þeirra stendur ekki undir væntingum fjölmiðla?*

Það helsta sem leikmenn og þjálfari kvennaliðsins töluðu um eftir Belgíuleikinn var að ekkert hafði gengið upp hjá þeim og þær hefðu ekki nýtt eitt einasta færi sem þær fengu. Þar af leiðandi náðu þær ekki að sýna sitt rétta andlit. Það sem leikmenn og þjálfarar karlaliðsins töluðu um eftir leikinn gegn Noregi var að þeir voru mjög svektir með tapið og það hefði orðið vegna kæruleysis og einbeitingarleysis leikmanna. Í leiknum gegn Portúgal fannst þeim heppnin hafa verið með mótherjunum og einnig töluðu þeir um að lukkudísirnar hefðu verið í liði andstæðingana. Þessir leikir hjá landsliðunum voru mjög ólíkir. Leikur kvennaliðsins var jafntefli gegn Belgíu sem þær voru mjög ósáttar með og vildu gera betur, en leikir karlaliðsins voru tapleikir. Liðið tapaði á móti Noregi á síðustu mínútu leiksins og síðan stórt tap gegn Brasilíu. Samt sem áður voru þeir sprækari en í síðustu leikjum liðsins og því fannst þeim þeir vera heldur óheppnir að fá nokkur af mörkunum á sig og ekki ná að skora fleiri.

## **Sameiginlegar niðurstöður úr umfjöllunum og viðtölunum**

Fréttamenn gagnrýna leikmenn karlaliðsins mikið meira og fjalla betur um einstaklinga liðsins ef þeir hafa átt góðan eða slæman leik og annað hvort hrósa eða skamma. Í þessum tveimur tapleikjum hjá körlunum var tekið eftir því að liðsheildinni er ekki kennt um töpin heldur var t.d. Stefáni Loga kennt um tapið gegn Noregi þar sem að leikmaður norskaliðsins komst einn inn fyrir og Stefán Logi felldi hann í teignum. Vörninni var ekki kennt um þetta eða íslenska varnarmanninum sem missti mótherjann inn í teiginn og skapaði þessa hættu sem varð til þess að Noregur fékk víti og skoraði og þar með vann. Fréttamenn voru einnig duglegir að hrósa ef leikmenn voru duglegir að hlaupa og berjast

á vellinum.

Kvennalandsliðið fékk ekki mikla gagnrýni frá fréttamönnum, en þrátt fyrir það máttu þær ekki gera mörg mistök til þess að fréttamenn yrðu óánægðir með þær eins og sást í skrifunum um þær í jafnteflisleiknum gegn Belgíu. Hér að aftan er gott dæmi um svekkelsi fréttamanns á Fótbolti.net:

Maður verður að spyrja sig hvort að íslenska liðið hafi ekki mætt jafn vel stemmt í þennan leik, eða hvort þær hafi einfaldlega vanmetið andstæðinginn. Þær fengu mikið hrós eftir sigurinn gegn Noregi, sem er ofar á heimslistanum, en þær féllu hins vegar á prófinu í kvöld þegar þær mættu veikari andstæðingi. Þær skorti hugmyndaflug til að brjóta agaða vörn Belgíu á bak aftur og líkt og áður kom fram, þá fengu þær vissulega færin en skorti einbeitninguna til að klára. Virkilega svekkjandi, en þær eru þó enn taplausar í riðlinum (Alexander Freyr Einarsson, 2011).

Eina skiptið þar sem leikmaður kvennaliðsins var tekinn út og hrósað fyrir frábæran leik var þegar Margrét Lára átti stórleik gegn Búlgaríu og skoraði fjögur mörk í 6-0 sigurleik þeirra:

Á 71. mínútu leiksins fengu íslensku stúlkurnar afar ódýra vítaspyrnu þegar að markmaður búlgarska liðsins átti að hafa brotið á Margréti Láru Viðarsdóttur. Margrét steig sjálf á punktinn og skoraði af öryggi. Þar fullkomnaði hún þrennu sína og skoraði jafnframt fimmta mark Íslands í leiknum. Margrét Lára kórónaði svo frábæran leik sinn með fjórða marki sínu og sjötta marki Íslands í uppbótartíma (Þorsteinn Haukur Harðarson, 2011).

Helstu jákvæðu þrástefin í umfjöllununum um karlaliðið voru: Kraftur/ barátta, dugnaður/vinnusemi. Helstu neikvæðu þrástefin voru óheppni og þreyta. Einnig verður að nefna það sem neikvæð þrástef hversu oft fréttamenn minntust á lélegt gengi liðsins undir stjórn þjálfarans og hversu langt síðan liðið hefði átti góðan sigurleik. Einnig verður að minnast á það að eftir leikinn gegn Portúgal samnýttu vefmiðlar sér upplýsingar úr leiknum sem Stöð2sport tók eftir leikinn og má meta það sem áhugaleysi fréttamanna á liðinu. Kannski er það vegna þess að liðið hafði ekki staðið undir væntingum þjóðarinnar síðan að Ólafur Jóhannesson tók við liðinu í Evrópukeppninni. Helstu jákvæðu þrástefin í

umfjöllununum um kvennaliðið voru kraftur, yfirburðir og glæsilegur sigur. Helstu neikvæðu voru þessi: Dofi/þreyta, óheppni, svekkelsi/vonbrigði

Fréttamenn léku sér meira með þjóðerni kvennaliðsins sem voru stundum kallaðar stelpurnar okkar, stelpurnar, stúlkurnar á meðan karlaliðið var kallað íslenska liðið eða Ísland, einu sinni kom þó fyrir að þeir voru kallaðir íslensku víkingarnir. Í viðtölunum var mjög misjafnt hvað kom frá leikmönnum liðanna, en það fór að mestu eftir því hvernig úrslit leikjanna voru. Í jákvæðu orðræðunni mátti sjá hjá kvennalandsliðinu hversu stoltar og samheldið lið þær eru. Þær voru mjög þakklátar fyrir liðsfélaga sína og að fá áhorfendur á leiki. En aftur á móti fannst leikmönnum vanta fleiri áhorfendur á leiki hjá sér og vildu meiri stuðning frá þeim. Hjá karlaliðinu var áberandi í viðtölunum hversu mikill léttir það var hjá þeim að ná loksins að vinna leik eftir langt tímabil án sigurs. Sigurinn hafði þau áhrif að sjálfstraust þeirra jókst og eins og sjá mátti í leiknum gegn Portúgal að þá náðu þeir að eiga ágætis leik, þrátt fyrir að hafa tapað honum og þegar honum lauk töluðu strákarirnir um hversu stoltir þeir voru af liðinu fyrir að hafa staðið í þeim. Í neikvæðu orðræðunni hjá kvennaliðinu kom í ljós að þegar ekkert gekk upp eins og í leiknum á móti Belgíu fannst þeim eins og þær hefðu tapað leiknum og voru mjög ósáttar við sjálfa sig en hrósuðu mótherjum sínum fyrir leikinn. Þá mætti halda að þær væru ekki að reyna að afsaka sig heldur segðu hreinskilningslega að þær hefðu átt lélegan leik gegn góðu liði. Í neikvæðu orðræðunni hjá karlaliðinu, voru þeir að mestu mjög svekkir með gengi sitt og úrslit undanfarinna leikja. Svekkelsið stafaði af því að gegn Noregi voru þeir nánast búnir að tryggja sér eitt stig úr leiknum en í blálokin skoraði Noregur og þeim fannst markið koma eins og köld vatnsgusa í andlitið. Einnig töluðu þeir um að það vantaði heppni í liðið, sérstaklega á móti Portúgal, þar sem þeir áttu ágætisleik og voru að skapa sér færi en lukkuðisirnir voru ekki hliðhollar þeim svo að leikurinn tapaðist.

## Umræður og lokaorð

Meginmarkmið þessarar ritgerðar var að kanna hvort að það væri sjáanlegur munur á orðræðunni í umfjöllunum um karla- og kvennalandsliðið og einnig hvort að það væri munur á orðæðu leikmanna og þjálfara í viðtölum eftir leikina.

Þegar aðalspurningunum er svarað finnst mér munurinn á umfjöllununum vera minni en ég bjóst við, orðaval fréttamanna hefur breyst frá því að þeir byrjuðu að skrifa um kvennafótbolta. Með árangri kvennalandsliðsins hafa þær fengið aukna virðingu og áhuga frá fréttamönnum og þjóðinni og því hefur umfjöllunin augljóslega breyst töluvert frá því að fyrst var byrjað að fjalla um kvennaboltann. Það helsta sem stóð upp úr var að fjölmiðlarnir köfuðu dýpra ofan í leiki karlalandsliðsins og gagnrýndu þá harðar fyrir frammistöðu sína í leikjum. Einnig gagnrýndu og hrósuðu þeir einstaklingum innan liðsins meira. Það virðist vera eins og fjölmiðlar haldi því enn fram að konur séu viðkvæmari fyrir gagnrýni og spari hrósið og gagnrýnina til einastaklinga innan liðsins. Einnig léku fjölmiðlarnir sér meira með þjóðerni íslenska kvennalandsliðsins og kölluðu þær stúlkurnar, stelpurnar eða stelpurnar okkar. Í greininni *Sports, Media and Stereotypes Women and Men in Sports and Media* er sagt:

Nafngiftir fjölmiðla einkennast af karllægum valdapíramýta þar sem þeir kalla kvenmenn, stúlkur eða dömur. Þetta gerir konur að barnalegri íþróttamönnum og hugtakið stúlka felur í sér vanþroska og vanhæfni en hugtakið dama felur í sér hjálparleysi, glæsileika og skort á íþróttagetu. En á hinn bóginn gefur orðið maður til kynna hæfni, þroska og heilleika. Með því að vísa formlega til karlkyns íþróttamanna og óformlega til kvenkyns íþróttamanna er körlum veitt hærri staða. Umfjöllun eins og þetta styrkir staðalímyndir í samfélaginu. Þetta er vegna þess að fjölmiðlar „mennta” áhorfendur sína um viðeigandi kynhegðun og samskipti um umfjöllun þess. Það skiptir ekki máli hversu mikil umfjöllunin er eða ekki, þetta hefur enn sjáanleg áhrif (*Sports, Media and Stereotypes Women and Men in Sports and Media*, bls 10, 2006).

Liðin eru á mjög ólíkum stað í sínum riðlum. Kvennaliðið er efst í sínum riðli og er undankeppnin fyrir EM 2013 enn í gangi. Karlaliðið endaði í næst síðasta sæti og því komast þeir ekki lengra í undankeppninni fyrir EM 2012. Vegna stöðu liðanna í keppnunum og hvernig úrslit úr leikjum undanfarinna ára

hafa verið var erfitt að bera þau saman. Karlaliðið hafði ekki unnið leik í langan tíma og hröpuðu niður FIFA og UEFA listana á meðan Kvennalandsliðið vann hvern sigurinn á fætur öðrum, unnu sig upp FIFA og UEFA listana og kórónuðu svo velgengnina með því að vinna sögulegan sigur á Noregi hér heima. Vegna slæms gengis hjá körlunum komst ég að því að þolinmæði og áhugi fréttamanna á liðinu fór þverrandi. Í síðasta leik liðsins gegn Portúgal á útivelli samnýttu Sport.is, Visir.is og Fótbolti.net umfjöllun og viðtöl úr leiknum frá Stöð 2 Sport og segir það meira en mörg orð um hversu áhugalausir fréttamennirnir voru orðnir um liðið. Munurinn er helst sá hversu djúpt fréttamenn fjalla um og gagnrýna leikmenn karlaliðsins miðað við leikmenn kvennaliðsins. Og svo er munur á því hvernig fréttamennirnir nota þjóðerni kynjanna í umfjöllun um leiki liðanna. Mikill munur á gengi liðanna í riðlakeppnunum endurspeglar það sem fram kom í viðtölunum við leikmenn landsliðanna. Leikmenn karlalandsliðsins voru fegnir að hafa loksins unnið leik eftir langan tíma og því fundu þeir fyrir miklum létti og sjálfstrausti í liðinu. En umfjöllunin um síðustu leiki liðsins hafði verið mjög neikvæð vegna lélegs gengis þeirra og því var sigurinn hálfgerður sólargeisli í myrkrinu fyrir liðið. Þegar leikmenn kvennaliðsins unnu leiki bar helst á því hversu stoltar þær voru af liðinu og þakklátar fyrir framlag liðsfélaga sinna inn á vellinum og þær þokkuðu alltaf fyrir stuðninginn sem þær fengu á vellinum. Ég tel að umfjöllun fjölmiðla um kvennaliðið á seinni árum beri enn þess merki að leikmönnum kvennaliðsins finnist stuðningurinn frá þjóðinni ekki vera sjálfsgædur. Ástæðan getur verið sú að ekki þarf að fara langt aftur í tímann til að skoða orðræðuna og áhugann um kvennafótboltann, en eins og Sigmundur benti á í greininni *Konur og íþróttir og KASTLJÓS FJÖLMÍÐLA*:

Að iðulega séu afar fáir áhorfendur á kvennaleikjum, hvort sem er í keppni félagsliða eða landsleikjum. Það eru svo fá lið í toppbaráttunni. Því verður deildin ekki jafn spennandi á að horfa. Það er ekki áhugavert að segja frá gangi leiks sem hefur boðið upp á einstefnu og endað 8-0 og því síður skemmtilegt að fylgjast með honum (Sigríður Dögg Auðunsdóttir, 1999).

Með harðri baráttu tókst að lyfta kvennaknattspyrnunni á hærra plan og hefur fjölgað áhorfendum jafnt og þétt á leiki hjá liðinu. En meðal þess sem samtökin börðust fyrir var t.d. að leyfa konum í meistaraflokki að spila í takkaskóm, en eins og stendur í greininni *Konur í*



*knattspyrnu þurfa að berjast fyrir lífi sínu* að þá var talað um reglugerðarákvæði í reglugerð KSÍ. Þar kveður á um að félögum sé heimilt að banna notkun grastakkaskóa fyrir alla flokka nema meistaraflokk karla. Meistaraflokkur kvenna má ekki nota grastakkaskó (Skinfaxi, 1991, 32). Þegar illa gekk hjá karlalandsliðinu voru leikmennirnir mjög svektir yfir gengi liðsins. Þeir voru langt niðri enda var árangur þeirra ekki eins ákjósanlegur og flestir hefðu viljað. Þeir töluðu um að þá vantaði meiri heppni en oft á tíðum voru þeir betri en andstæðingurinn í leikjum sem þeir töpuðu. Þegar kvennalandsliðið átti sinn slæma leik gegn Belgíu fannst leikmönnum liðsins eins og þær hefðu tapað leiknum, en hann endaði með markalausum jafntefli. Þær voru ósáttar með sjálfa sig en hrósuðu leikmönnum Belgíu fyrir að gefast ekki upp og ná í stig á útivelli. Í ljós kemur að leikmenn beggja liða leggja aðrar áherslur á umfjöllunarefnið eftir því hvernig leikirnir spilast en ekki er hægt að bera saman útkomuna úr viðtölunum því hún er svo ólík á milli liðanna. Samt sem áður sýnir hún best í hvernig stöðu liðin voru í á þessum tímamarki og hvað var búið að ganga á hjá þeim. Leikmenn kvennaliðsins leita mjög mikið eftir stuðningi í stúkunni á meðan karlaliðið reynir að rétta gengi liðsins. Konurnar hrósa liðinu mikið og eru stoltar að spila með samherjum sínum og ná árangri með þeim. Karlarnir reyna að líta á björtu hliðarnar og taka það jákvæða með sér í næsta leik í von um að árangur þeirra fari að rísa á ný. Nú eru nýjir tímar í vændum hjá karlaliðinu en ráðnir hafa verið tveir nýjir þjálfarar sem vonandi geta bætt árangur liðsins og lyft því upp á hærra plan. Kvennaliðið er enn í fullri baráttu um að komast inn á Evrópumótið sem haldið verður árið 2013. Liðið er í efsta sætinu í riðlinum og ef þær spila eins og þær hafa verið að gera í undanförunum leikjum, þá ná þær eflaust í annað skiptið að komast inn á stórmót. Í viðtali mínu við Hafliða Breiðfjörð, framkvæmdarstjóra Fótbolts.net spurði ég hann álit á hver ábyrgð fjölmiðla væri til að tryggja ungu fólki góðar fyrirmyndir án þess að það hallaði á kvenmenn í umfjölluninni. Einnig spurði ég hann að því hvort fjölmiðlar ættu aðeins að spegla tíðarandann og ekki bera ábyrgð á því sem væri að gerast í þjóðfélaginu okkar. Hafliði svaraði:

Ég er ósammála þessu en sammála að einhverju leiti. Fjölmiðlar eru almennt einkafyrirtæki og verða að reka sig eftir áhuga lesenda/áhorfenda/hlustenda, láta fólkið fá það sem það vill kaupa. Því eru þau í raun að endurspeglar tíðarandann í því sem mestur áhugi er á.

Ríkisútvarpið/sjónvarpið er hinsvegar ríkisrekið og þar á ábyrgðin á öllu svona að vera mikil. Í raun er gagnrýnivert þar til dæmis hvernig þeir hafa farið með rétt

sinn á að sýna leiki í Pepsi-deild kvenna undanfarin ár, líklega 3-4 ár síðan síðast var sýndur leikur. Svo er annað sem skiptir mestu. Það þarf að auka áhuga félaganna og KSÍ á að fjallað sé meira um konur. Karlamegin eru félögin til dæmis dugleg að boða fréttamannafundi og senda út tilkynningar en kvennamegin er það mjög sjaldgæft, og gæti oftast oltið á því að þjálfarinn vinni þetta sjálfur. Jón Óli (þjálfari kvennaliðs ÍBV) er til dæmis duglegur að vekja á sér athygli svona, en ef hann væri ekki í því vantar oft að félagið geri eitthvað. Svo eru annars staðar þjálfarar sem eru ekki að koma sér á framfæri og ekki félagið heldur og þá gleymist það félag jafnvel, og um leið fyrirmyndirnar þar (Hafliði Breiðfjörð, 2012).

Ég vil enda ritgerðina á þessum orðum Hafliða. Baráttan um meiri umfjöllun um kvennafótbolta í fjölmiðlum hefur skilað miklum árangri, þó svo að enn sé hægt að greina mun á umfjöllunum um kynin. Ég vil taka undir með honum og setja ábyrgðina meira í hendur KSÍ og félaganna til þess að þau vinni marktækara að því að gera kvennaknattspyrnuna enn sýnilegri og heillandi fyrir komandi kynslóðir knattspyrnukvenna og karla.

## Heimildaskrá

- Berglind Rós Magnúsdóttir. (2003). *Orðræður um kyngervi, völd og virðingu í unglingsabekk*. M.A.-ritgerð: Háskóli Íslands, félagsvísindadeild
- The Fédération Internationale de Football Association (2011) Fifa.com Skoðað 15. desember 2011 á <http://www.fifa.com/worldranking/rankingtable/women/index.html>
- The Fédération Internationale de Football Association (2011) Fifa.com Skoðað 15. desember 2011 á <http://www.fifa.com/worldranking/rankingtable/index.html#>
- Haflíði Breiðfjörð, framkvæmdarstjóri Fótbolta.net, munnleg heimild, 8. janúar 2012
- Hlíf Þorgeirsdóttir. (2010). *Hvað er að fréttu af fimleikum*. M.A.-ritgerð: Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2006). Leitað að mótsögnum. Um verklag við orðræðugreiningu. Fötlun. Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði (ritstj. Rannveig Traustadóttir), s. 178–195. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kjartan Ólafsson, o.fl.(2006) *Sports, Media and Stereotypes Women and Men in Sports and Media*. Skoðað 27. desember á vef: [http://www.jafnretti.is/D10/\\_FILES/sms\\_report\\_lokaloka.pdf](http://www.jafnretti.is/D10/_FILES/sms_report_lokaloka.pdf)
- Kristín Björnsdóttir. (2003). Orðræðugreining. Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum. (Ritstj. Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson), s. 237–248. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Mbl.is (1999). *Kvennaíþróttir og fjölmiðlar*. Skoðað 27. desember 2011 á <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/480684/>
- Sigríður Þorgeirsdóttir. „Hverjar eru hugmyndir Platons um eðli og hlutverk karla og kvenna?“. *Vísindavefurinn* 20.12.2002. <http://visindavefur.is/?id=2974>. (Skoðað 9.12.2011).
- Sigríður Dögg Auðunsdóttir (1999) *Konur, íþróttir og KASTLJÓS FJÖLMÍÐLA*. Skoðað 8. janúar 2012 á vef:

[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=131909&pageId=1940613&lang=is&q=og%20fj%F6lmi%F0lar%20og](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=131909&pageId=1940613&lang=is&q=og%20fj%F6lmi%F0lar%20og)

Skinfaxi (1991) *Konur í knattspyrnu þurfa að berjast fyrir sínu*. Skoðað 8. janúar 2012 á vef [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=4221034](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=4221034)

Þorgerður Þorvaldsdóttir. „Hvað er kynimynd?“. *Vísindavefurinn* 2.8.2002. <http://visindavefur.is/?id=2628>. (Skoðað 9.12.2011).

### **Heimildaskrá úr orðræðugögnum**

Alexander Freyr Einarsson (2011). *Um fjöllum: Búlgarska liðið átti aldrei séns í Ísland*. Skoðað 29. ágúst á vef Fótbolta.net: <http://fotbolti.net/fullStory.php?id=108576>

Alexander Freyr Einarsson (2011), vefviðtal: *Margrét Lára: Erum komnar í farþegasætið*. Skoðað 29. ágúst á vef Fótbolta.net: <http://fotbolti.net/fullStory.php?action=story&id=108583&preview=1>

Alexander Freyr Einarsson (2011), vefviðtal: *Katrín Jóns: Eigum allar svoltið inni*. Skoðað 29. ágúst á vef Fótbolta.net: <http://fotbolti.net/fullStory.php?action=story&id=108582&preview=1>

Alexander Freyr Einarsson (2011), vefviðtal: *Sigurður Ragnar: Það eru ekki alltaf jólin*. Skoðað 29. ágúst á vef Fótbolta.net: <http://fotbolti.net/fullStory.php?action=story&id=108578&preview=1>

Alexander Freyr Einarsson (2011) vefviðtal: *Vorum betur stemmdar en þær*. Skoðað 17. september á vef Fótbolta.net: <http://fotbolti.net/fullStory.php?action=viewStory&id=114854>

Alexander Freyr Einarsson (2011) vefviðtal: *Sigurður Ragnar: Slógum þær útaf laginu*. Skoðað 17. september á vef Fótbolta.net: <http://fotbolti.net/fullStory.php?action=viewStory&id=114852>

Alexander Freyr Einarsson (2011) vefviðtal: *Margrét Lára: Aldrei erfitt að mótivera sig fyrir landsleiki*. Skoðað 17. september á vef Fótbolta.net: <http://fotbolti.net/fullStory.php?action=viewStory&id=114855>

- Alexander Freyr Einarsson (2011). *Ísland gerði svekkjandi jafntefli við Belgíu*. Skoðað 21. september á vef Fótbolta.net: [http://fotbolti.net/game.php?action=view\\_game&id=91](http://fotbolti.net/game.php?action=view_game&id=91)
- Alexander Freyr Einarsson (2011), vefviðtal: *Sigurður Ragnar: Lítum á þetta sem tvö töpuð stig*. Skoðað 21. september á vef Fótbolta.net: <http://fotbolti.net/fullStory.php?id=115070>
- Alexander Freyr Einarsson (2011), vefviðtal: *Sara Björk: Mér líður eins og ég hafi tapað*. Skoðað 21. september á vef Fótbolta.net: <http://fotbolti.net/fullStory.php?action=viewStory&id=115069>
- Birkir Bjarnason (2011) vefviðtal: *Birkir Bjarnason: Spiluðum góðan leik*. Skoðað þann 10. október á vef Vísi.is: <http://visir.is/birkir-bjarnason--spiludum-mjog-godan-leik/article/2011111009148>
- Eggert Gunnþór Jónsson (2011), vefviðtal: *Eggert Gunnþór: Þetta var gríðarlega svekkjandi*. Skoðað 3. september á vef Vísi.is: <http://www.visir.is/eggert-gunnthor--thetta-var-gridarlega-svekkjandi/article/2011110909752>
- Eggert Gunnþór Jónsson (2011), vefviðtal: *Eggert: Gríðarlega svekkjandi*. Skoðað 3. september á vef Mbl.is: [http://mbl.is/sport/fotbolti/2011/09/02/eggert\\_gridarlega\\_svekkjandi/](http://mbl.is/sport/fotbolti/2011/09/02/eggert_gridarlega_svekkjandi/)
- Eiður Smári Guðjohnsen (2011), vefviðtal: *Eiður Smári: Eins og æfingaleikur á köflum*. Skoðað 6. september á vef Mbl.is: <http://www.mbl.is/frettir/sjonvarp/62215/>
- Eiður Smári Guðjohnsen (2011) vefviðtal: *Eiður Smári: Þetta var léttir og gaman*. Skoðað 6. september á vef Fótbolta.net: [http://fotbolti.net/game.php?action=view\\_game&id=59](http://fotbolti.net/game.php?action=view_game&id=59)
- Eiríkur Stefán Ásgeirsson (2011). *Ferna Margrétar Láru í þægilegum sigri*. Skoðað 29. ágúst á vef Vísi.is: <http://visir.is/umfjollun--ferna-margretar-laru-i-thaegilegum-sigri/article/2011110518785>
- Eiríkur Stefán Ásgeirsson (2011). *Sagan endalaus – Norðmenn tryggðu sér sigur úr víti í lokin*. Skoðað 2. september á vef Vísi.is: <http://www.visir.is/sagan-endalaus---nordmenn-tryggdu-ser-sigur-ur-viti-i-lokin/article/2011110909801>
- Eiríkur Stefán Ásgeirsson (2011), viðtal við Ólaf Jóhannesson, *Norskur draumur en íslensk*

- martröð*. Skoðað 3. september á vef Vísi.is: <http://www.visir.is/norskur-draumur-en-islensk-martrod/article/2011709039891>
- Eiríkur Stefán Ásgeirsson (2011). *Umfjöllun: Kolbeinn tryggði Íslandi langþráðan sigur*. Skoðað 6. september á vef Vísi.is: <http://www.visir.is/umfjollun--kolbeinn-tryggdi-islandi-langthradan-sigur/article/2011110909394>
- Eiríkur Stefán Ásgeirsson (2011). *Glæsilegur sigur á einu sterkasta liði heims*. Skoðað þann 17. september á vef Vísi.is: <http://www.visir.is/glaesilegur-sigur-a-einu-sterkasta-lidi-heims/article/2011110919197>
- Eiríkur Stefán Ásgeirsson (2011) viðtal: *Sigurður Ragnar: Erum meðal tíu bestu þjóða heims*. Skoðað 17. september á vef Vísi.is: <http://www.visir.is/sigurdur-ragnar--erum-medal-tiu-bestu-thjoda-heims/article/2011110919116>
- Eiríkur Stefán Ásgeirsson (2011) viðtal: *Sara Björk: Þurftum að vinna þennan leik*. Skoðað 17. september á vef Vísi.is <http://www.visir.is/sara-bjork--thurftum-ad-vinna-thennan-leik/article/2011110919118>
- Eiríkur Stefán Ásgeirsson (2011) viðtal: *Sif: Kom á óvart hversu litla mótspyrnu við fengum*. Skoðað 17. september frá vef Vísi.is: <http://www.visir.is/sif--kom-a-ovart-hversu-litla-motspyrnu-vid-fengum/article/2011110919110>
- Eiríkur Stefán Ásgeirsson (2011). *Umfjöllun: Tvö töpuð stig gegn Belgíu*. Skoðað 21. September á vef Vísi.is: <http://www.visir.is/umfjollun--tvo-topud-stig-gegn-belgiu/article/2011110929792>
- Elvar Geir Magnússon (2011). *Enn ein vonbrigðin hjá Íslandi*. Skoðað 2. september á vef Fótbolta.net: [http://fotbolti.net/game.php?action=view\\_game&id=55](http://fotbolti.net/game.php?action=view_game&id=55)
- Hannes Þór Halldórsson (2011), vefviðtal: *Hannes Þór Halldórsson: Ég er í skýjunum*. Skoðað 6. september á vef Fótbolta.net: [http://fotbolti.net/game.php?action=view\\_game&id=59](http://fotbolti.net/game.php?action=view_game&id=59)
- Hallgrímur Jónasson (2011) vefviðtal: *Hallgrímur Jónasson: Svólítið sérstakt en ótrúlega gaman*. Skoðað 10. október á vef Vísi.is: <http://visir.is/hallgrimur-jonasson--svolitid-serstakt-en-otrulega-gaman/article/2011111009142>

Indriði Sigurðsson (2011), vefviðtal: *Indriði: Var búinn að djöflast í Moa allan leikinn.* Skoðað 3. september á vef Vísi.is: <http://www.visir.is/indridi--var-buinn-ad-djoflast-i-moa-allan-leikinn/article/2011110909751>

Katrín Jónsdóttir (2011) *Katrín: Mér líður eins og ég hafi tapað.* Skoðað 21. september á vef Mbl.is: [http://mbl.is/sport/fotbolti/2011/09/21/katrin\\_lidur\\_eins\\_og\\_vid\\_hofum\\_tapad/](http://mbl.is/sport/fotbolti/2011/09/21/katrin_lidur_eins_og_vid_hofum_tapad/)

Katrín Jónsdóttir (2011) vefviðtal, skoðað 21. september á vef Sport.is: <http://www.sport.is/sportvarp/2011/09/21/sportvarp-katrin-jonsdottir-island-5/>

Katrín Ómarsdóttir (2011) vefviðtal: „*Okkur langaði að rústa þeim.*” Skoðað 17. september á vef Mbl.is: <http://www.mbl.is/frettir/sjonvarp/62558/>

Kolbeinn Sigþórsson (2011), vefviðtal: *Kolbeinn: Sjálfstraustið í botni.* Skoðað 3. september á vef Mbl.is: <http://www.mbl.is/frettir/sjonvarp/62087/>

Kolbeinn Sigþórsson (2011), vefviðtal: *Kolbeinn: Gríðarlegur léttir.* Skoðað 6. september á vef Mbl.is: <http://www.mbl.is/frettir/sjonvarp/62214/>

Kolbeinn Sigþórsson (2011) vefviðtal: *Kolbeinn Sigþórsson: Mikill léttir að hafa unnið í dag.* Skoðað 6. september á vef Fótbolta.net: [http://fotbolti.net/game.php?action=view\\_game&id=59](http://fotbolti.net/game.php?action=view_game&id=59)

Kristján Jónsson (2011), vefviðtal: *Katrín: Gríðarlega mikilvægt að byrja á sigri.* Skoðað 29. ágúst á vef Mbl.is: [http://mbl.is/sport/fotbolti/2011/05/19/katrin\\_gridarlega\\_mikilvaegt\\_ad\\_byrja\\_a\\_sigri/](http://mbl.is/sport/fotbolti/2011/05/19/katrin_gridarlega_mikilvaegt_ad_byrja_a_sigri/)

Kristján Jónsson (2011), vefviðtal: „*Eitt af fallegustu mörkum sem ég hef skorað.*” Skorað 29. ágúst á vef Mbl.is: [http://mbl.is/sport/fotbolti/2011/05/19/eitt\\_af\\_fallegustu\\_morkum\\_sem\\_eg\\_hef\\_skorad/](http://mbl.is/sport/fotbolti/2011/05/19/eitt_af_fallegustu_morkum_sem_eg_hef_skorad/)

Kristján Jónsson (2011), vefviðtal: *Eggert og Helgi búnir að hlaupa gríðarlegar vegalengdir.* Skoðað 6. september á vef Mbl.is: [http://www.mbl.is/sport/fotbolti/2011/09/06/eggert\\_og\\_helgi\\_bunir\\_ad\\_hlaupa\\_gridarlegar\\_vegalen/](http://www.mbl.is/sport/fotbolti/2011/09/06/eggert_og_helgi_bunir_ad_hlaupa_gridarlegar_vegalen/)

Kristján Jónsson (2011), vefviðtal: „*Loksins unnum við stórþjóð í alvöru leik.*” Skoðað 17. september á vef Mbl.is:

[http://www.mbl.is/frettir/forsida/2011/09/17/loksins\\_unnum\\_vid\\_storthjod\\_i\\_alvoru\\_1\\_eik/](http://www.mbl.is/frettir/forsida/2011/09/17/loksins_unnum_vid_storthjod_i_alvoru_1_eik/)

Margrét Lára Viðarsdóttir (2011) *Margrét Lára. Enginn heimsendir*. Skoðað 21. september á vef Mbl.is:

[http://www.mbl.is/sport/fotbolti/2011/09/21/margret\\_lara\\_enginn\\_heimsendir/](http://www.mbl.is/sport/fotbolti/2011/09/21/margret_lara_enginn_heimsendir/)

Margrét Lára Viðarsdóttir (2011) vefviðtal, skoðað 21. september á vef Sport.is:

<http://www.sport.is/sportvarp/2011/09/21/sportvarp-margret-lara-vidarsdottir-island-2/>

Margrét Lára Viðarsdóttir (2011), vefviðtal: *Margrét Lára: Þetta var stöngin út í dag*. Skoðað 21. september á vef Vísi.is: <http://visir.is/section/MEDIA99&fileid=CLP6372>

Matthías Freyr Matthíasson (2011). *Langbráð þrjú stig í Laugardalinn*. Skoðað 6. september á vef Fótbolta.net: [http://fotbolti.net/game.php?action=view\\_game&id=59](http://fotbolti.net/game.php?action=view_game&id=59)

Mist Rúnarsóttir (2011). *Flottur sigur á Noregi*. Skoðað 17. september á vef Fótbolta.net:

[http://fotbolti.net/game.php?action=view\\_game&id=81](http://fotbolti.net/game.php?action=view_game&id=81)

Ólafur Jóhannesson (2011), vefviðtal: *Ólafur Jóhannesson: Þetta er grátlegur andskoti*.

Skoðað 3. september á vef Fótbolta.net:

<http://fotbolti.net/fullStory.php?action=viewStory&id=114140>

Ólafur Jóhannesson (2011) viðtal: *Hef átt fjögur frábær ár*. Skoðað 10. október á vef Mbl.is:

[http://mbl.is/sport/fotbolti/2011/10/07/hef\\_att\\_fjogur\\_fraeber\\_ar/](http://mbl.is/sport/fotbolti/2011/10/07/hef_att_fjogur_fraeber_ar/)

Ólafur Jóhannesson (2011) viðtal: „*Ólafur: Ég geng sáttur frá mínu.*” Skoðað 10. október á vef Sport.is: <http://www.sport.is/fotbolti/2011/10/07/em-2012-olafur-eg-geng-sattur-fra-minu/>

Ólafur Jóhannesson (2011) vefviðtal: *Ólafur Jóhannesson: Stoltur af líðinu*. Skoðað 10.

október á vef Vísi.is: <http://visir.is/olafur-johannesson--stoltur-af-lidinu-/article/2011111009141>

Rúrik Gíslason (2011) viðtal: *Blendnar tilfinningar*. Skoðað 10. október á vef Mbl.is:

[http://mbl.is/sport/fotbolti/2011/10/08/blendnar\\_tilfinningar/](http://mbl.is/sport/fotbolti/2011/10/08/blendnar_tilfinningar/)

Sif Atladóttir (2011) vefviðtal: *Sif: Við náðum að loka á þeirra bestu leikmenn*. Skoðað 17.



september á vef Mbl.is: <http://mbl.is/frettir/sjonvarp/62560/>

Sigurður Ragnar Eyjólfsson (2011) *Sigurður Ragnar: Var refsað fyrir að nýta ekki færin.*

Skoðað 21. september á vef Mbl.is:

[http://mbl.is/sport/fotbolti/2011/09/21/sigurdur\\_ragnar\\_var\\_refsad\\_fyrir\\_ad\\_nyta\\_ekki\\_faeri/](http://mbl.is/sport/fotbolti/2011/09/21/sigurdur_ragnar_var_refsad_fyrir_ad_nyta_ekki_faeri/)

Ragnar Eyjólfsson (2011) vefviðtal, skoðað 21. september á vef Sport.is:

<http://www.sport.is/sportvarp/2011/09/21/sportvarp-sigurdur-ragnar-eyjolfsson-island-8/>

Sigurður Ragnar Eyjólfsson (2011), vefviðtal: *Sigurður Ragnar Eyjólfsson: Boltinn vildi ekki inn.* Skoðað 21. september á vef Vísi.is:

<http://visir.is/section/MEDIA99&fileid=CLP6370>

Snorri Sturluson (2011). *Vítaspyrna í blálokin tryggði norskan sigur.* Skoðað 2. september á vef Sport.is: <http://www.sport.is/fotbolti/2011/09/02/em-2012-vitaspyrna-i-blalokin-tryggdi-norskan-sigur-i-oslo/>

Snorri Sturluson (2011). *Portúgalir númeri of stórir – Margt jákvætt í leik íslenska liðsins.*

Skoðað 10. október á vef Sport.is: <http://www.sport.is/fotbolti/2011/10/07/em-2012-portugalir-numeri-of-storir-margt-jakvaett-i-leik-islenska-lidsins/>

Stefán Árni Pálsson (2011), vefviðtal: *Sigurður Ragnar: Mikilvægt að skora snemma.* Skoðað

29. ágúst á vef Vísi.is: <http://visir.is/sigurdur-ragnar--mikilvaegt-ad-skora-snemma/article/2011110518747>

Stefán Árni Pálsson (2011), vefviðtal: *Katrín: Getum vel unnið þennan riðil.* Skoðað 29. ágúst

á vef Vísi.is: <http://visir.is/katrin--getum-vel-unnid-thennan-ridil/article/2011110518743>

Stefán Árni Pálsson (2011), vefviðtal: *Margrét Lára: Vorum betri á öllum sviðum.* Skoðað 29.

ágúst á vef Vísi.is: <http://visir.is/margret-lara--vorum-betri-a-ollum-svidum/article/2011110518746>

Stefán Árni Pálsson (2011), vefviðtal: *Ólafur: Mikil þreyta í mannskapnum en finn sigur.*

Skoðað 6. september á vef Vísi.is: <http://www.visir.is/olafur--mikil-threyta-i-mannskapnum-en-finn-sigur/article/2011110909363>

Stefán Árni Pálsson (2011), vefviðtal: *Birkir Már: Flott að komast upp fyrir kypur í riðlinum*. Skoðað 6. september á vef Vísi.is: <http://www.visir.is/birkir-mar--flott-ad-komast-upp-fyrir-kypur-i-ridlinum/article/2011110909364>

Stefán Árni Pálsson (2011), vefviðtal: *Kristján Örn: Mikill léttir að mörgu leyti*. Skoðað 6. september á vef Vísi.is: <http://www.visir.is/kristjan-orn--mikill-lettir-ad-morgu-leyti/article/2011110909367>

Þorsteinn Haukur Harðarson (2011). *Ísland byrjaði mótið á stórsigri*. Skoðað 29. ágúst á vef Sport.is: <http://www.sport.is/fotbolti/2011/05/19/island-bulgaria/>

Þorsteinn Haukur Harðarson (2011). *Loksins íslenskur sigur*. Skoðað 6. september á vef Sport.is: <http://www.sport.is/fotbolti/2011/09/06/island-kypur/>

Þorsteinn Haukur Harðarson (2011). *Frábær fyrri hálfleikur lagði grunninn að góðum sigri Íslands gegn Noregi*. Skoðað 17. september á vef Sport.is: <http://www.sport.is/fotbolti/2011/09/17/undakeppni-em-island-noregur/>

Þorsteinn Haukur Harðarson (2011). *Óheppni við mark Belga kostaði Ísland tvö dýrmæt stig*. Skoðað 21. september á vef Sport.is: <http://www.sport.is/fotbolti/2011/09/21/em-2013/>

## Fylgiskjöl

Ísland – Noregur – Orðræðugreinig

### fotbolti.net-umfjöllun

Flottur sigur á Noregi

Frábær fyrri hálfleikur skóp sigurinn en íslenska liðið leiddi 3-0 í hálfleik með tveimur mörkum frá Hólmfríði Magnúsdóttur og einu frá Margrétu Láru Viðarsdóttur.

Sara Björk átti þá flotta sendingu upp í hægra hornið á Fanndísi Friðriksdóttur sem stakk varnarmenn Noregs af og lagði botlann út í vítateig Norðmanna.

Þar voru þær Margrét Lára, Sara Björk og Hólmfríður allar mættar og tilbúnar til að taka við en það fell í hlut Hólmfríðar sem hitti hann ekki nógu vel og skaut beint á Hjelmseth í markinu.

Hólmfríður var ekki mikið að svekkja sig á því og kom Íslandi yfir strax í næstu sókn. Hún skoraði þá einkar glæsilegt mark með þrumuskoti utan teigs.

Margrét Lára fór sjálf á punktinn og skoraði örugglega í vinstra hornið.

Norðmönnum var greinilega brugðið við öfluga byrjun Íslands.

Íslenska liðið var mun sterkari aðilinn í fyrri hálfleik og Norðmenn ógnuðu lítið nema þá í helst í föstum leikatriðum þar sem Þóra Björg Helgadóttir sá við þeim. Eli Landsem þjálfara Noregs var greinilega brugðið við öflugan leik íslenska liðsins og brá á það ráð að gera breytingu á liðinu strax á 36. mínútu þegar hún tók Lisa Marie Woods útaf og setti Solfrid Dhale inná í hennar stað.

Landsem hefur lesið vel yfir hausamótunum á sínum leikmönnum í hálfleik en norska liðið kom mun sterkar til leiks í síðari hálfleik. Norska liðið var þá meira með boltann en náði ekki að skapa sér mörg færi gegn sterku og baráttuglöðu liði Íslands.

Þetta var fyrsta markið sem Þóra Bjög fær á sig á heimavelli í sex ár og segir það margt um hversu öflugur markvörður er þar á ferðinni.

Litlu munaði að fyrirliðin Katrín Jónsdóttir næði að skora fjórða mark Íslands undir lok leiksins. Hún átti þá skalla í slánna og niður á marklínu.

Leikurinn fjaraði út í kjölfarið og 3-1 sigur Íslands því staðreynd.

## Ísland 1-0 Kýpur - orðræðugreining

Kolbeinn tryggði Íslandi langþráðan sigur.

Ísland byrjaði leikinn af miklu krafti og átti nokkrar snarpar sóknir í upphafi leiks. Það bar árangur á fjórðu mínútu er Kolbeinn afgreiddi snyrtilega sendingu Jóhanns Bergs Guðmundssonar í netið.

Það sást strax á upphafsminútunum að meiri þungi var lagður í sóknarleikinn heldur en í síðasta leik liðsins, gegn Noregi.

Eftir þessa góðu byrjun og eftir því sem leið á leikinn fjaraði undan mönnum og gestirnir settu meiri kraft í skóknarleikinn. Oft reyndi mikið á Hannes Þór Halldórsson og íslensku vörnina en þeir átti þó eftir að standa áhlaup gestanna af sér með glæsibrag.

Sérstaklega ber að hrósa Hannesi fyrir vasklega frammistöðu í fyrsta A- landsleik hans en hann bjargaði oft meistaralega og sýndi á köflum glæsileg tilþrif.

Strákarnir voru mun duglegri að koma boltanum í teig andstæðinganna en gékk illa að fylgja því eftir

Kolbeinn Sigþórsson og Eiður Smári Guðjohnsen eru tveir allra hæfuleikustu sóknarmenn sem Ísland hefur átt en það kom sorglega lítið úr samstarfi þeirra í kvöld. Kolbeinn skoraði mark sem verður ekki tekið af honum en sú mikla vinn sem hann vann á vellinum í kvöld bar annars lítinn árangur.

Jóhann Berg Guðmundsson var einna líflegastur í sóknarleknum og duglegur að sækja inn á miðjusvæðið og skaða usla í kypversku vörni og kunni. Eggert Gunnþór Jónsson var fastur fyrir á miðjunni og komst ágætlega frá sínu.

## Orðræðugreining úr viðtölum

Fotbolti.net

Siggi Raggi – Margrét Lára komin sterk til baka og kom sterk inn. Við mikið betri en þær. Góðan stuðning að þá getum við lagt þær af velli. Gríðarlega sterkur heimavöllur. Kalt og það hefur dregið úr fólki að koma á völinn.

Margrét Lára – Við gefum tóninn, komnar í farþegasætið í þessum riðli. Blaðamaður.. kannski mátt vera stærri sigur. Margrét: Má ekki gleyma því að landsliðið er að vinna hérna 6-0 sigur og það má ekki vanvirða svoleiðis. Ég er með frábæra liðsfélaga í kringum mig. Þetta er frábær liðsheild. Þurfum stuðning þjóðarinnar, svekkt með mætinguna í dag. Við þurfum virkilega á öllum að halda.

Visir.is

Óli Jóh - Heilt yfir get ég verið stoltur af liðinu, menn gáfu sig alla í þetta þótt að á móti blési. stöð2sport

Hallgrímur Jónasson - Og ef við yrðum þolinmóðir þá gætum við sett eitt mark á þá. Íslenska landsliðið er þekkt fyrir að berjast og við ætluðum ekkert að fara gefast upp. stöð2sport.

Sölvi Geir - ef lukkudísirnar hefðu verið með okkur þá hefðum við komist yfir í leiknum. heppnin var kannski aðeins meira þeirra megin en þeir áttu líklega sigurinn skilið. Við getum borið höfuðið hátt en við sögðum það í hálfleik að við ætluðum að vinna síðari hálfleikinn og það gerðum við.

Þrástef úr kvennaleikjum

Barátta XX

Kraftur – XXX

Yfirburðir – XXX

Þægilegur sigur – XXXX

Bregðast ekki bogalitin - XXXX

Óheppni - XX

Svekkjandi úrslit - XXXXXX

Vonbrigði – XX

Dofi - XX

Þrástef úr karlaleikjum

Barátta –XXXXXX

Kraftur – XXX

Svekkjandi – XXXX

Klaufalegur - XX

Mistök – X

Dugnaður – XXXX -XX Viljugir, vinnusamir

Þreyta – XX

Sóknarhugur – XX

Heppni – XX

